



12

KJARAMÁL

Viðræður um sérkröfur í kjarasamningum eru hafnar.

22

RÉTTINDI ÞÍN

Ýmis atriði er lúta að réttindum og skyldum starfsmanna.

24

VR-SKÓLI LÍFSINS

Markmið VR-Skóla lífsins er að styrkja stöðu fólks á aldrinum 16-24 ára.

32

ÖRYGGISMÁL

Verslunarfólk á rétt á öruggu og góðu starfsumhverfi.



18

KJARAMÁL

- 12**
Orlofsréttur, pakkalaun og vinnutími
- 14**
Áhersla á laun og kaupmátt
- 15**
Hvar er ávinningurinn?
- 16**
Aukin menntun, hærri laun
- 22**
Réttindi þín í desember
- 31**
Áhrif launa á verðlag

FÉLAGSMÁL

- 03**
Leiðari
- 04**
Allir í jólastapi - sýnum virðingu!
- 04**
Aukin tækifæri til virkrar þátttöku á vinnumarkaði
- 05**
Fyrirtæki eru áhugasöm um fræðslustjóra að láni
- 06**
VR er með sterkt tengslanet trúnaðarmanna
- 07**
Hádegisfyrirlestar vor 2015
- 10**
Að loknu þingi ASÍ
- 20**
Breytingar á útleigureglum

24
VR - Skóli lífsins

35
Viltu fá okkur í heimsókn?

GREINAR OG VIÐTÖL

- 08**
Alltaf fullt hús á hádegisfyrirlestrum VR
- 18**
Setningin „get ég aðstoðað?“ er bönnuð í minni verslun! Viðtal við Vigni Andersen
- 26**
VR - Skóli lífsins styrkir unga fólk! Viðtal við Önnu Steinsen hjá Dale Carnegie
- 27**
VR - Skóli lífsins er hluti af fræðslustefnu A4 Viðtal við Ölfu Láru Guðmundsdóttur hjá A4
- 30**
Slysatryggingar launamanna í kjarasamningum
- 32**
Verslunarfólk á rétt á öruggu og góðu starfs-umhverfi. Viðtal við Halldór Grönvold hjá ASÍ



24



32

VR Blaðið 04 2014



12 KJARAMÁL
22 RÉTTINDI ÞÍN
24 VR-SKÓLI LÍFSINS
32 ÖRYGGISMÁL

Forsíðumynd
Jólaherferð VR

VR
Húsi verslunarinnar
Kringlunni 7,
103 Reykjavík
Sími 510 1700
vr@vr.is
www.vr.is

Ábyrgðarmaður
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður

Ritstjóri
Unnur Guðríður Indriðadóttir

Umbrot og útlit
Tómas Bolli Hafþórsson

Ljósmyndir
Birgir Ísleifur, Eddi, Árdís Birgisdóttir,
Helga Laufey Guðmundsdóttir

Prentun
Oddi

Upplag
25.500

Stjórn VR
Ólafía Björk Rafnsdóttir formaður
Bjarni Þór Sigurðsson varaformaður
Sigurður Sigfússon ritari
Ásta Rut Jónasdóttir
Benóný Valur Jakobsson
Birgir Már Guðmundsson
Dóra Magnúsdóttir
Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir
Harpa Sævarsdóttir
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Páll Örn Línal
Ragnar Þór Ingólfsson
Rannveig Sigurðardóttir
Svanhildur Þórsteinsdóttir

Varamenn
Ólafur Reimar Gunnarsson
Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir
Gísli Kristján Gunnsteinsson

GLEÐILEGA HÁTÍÐ

Nú er jólamánuðurinn runninn upp - loksins, loksins segja börnin sem hafa hlakkað til í heilt ár. En það eru ekki bara börnin sem bíða spennt eftir þessum árstíma, desember er afar skemmtilegur tími fyrir okkur fullorðna fólkið líka. Jólaverslunin er komin á fullan skrið og mikið annríki er hjá stórum hópi félagsmanna VR.



» **Kjarasamningarnir settu svip sinn á árið, sem nú er að líða, á mun afdrifaríkari hátt en flesta grunaði. Markmið samninganna hvað verðbólguna varðar náðist en hún er nú með því lægsta sem mælst hefur árum saman.** «

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR
FORMAÐUR VR

Það er mikilvægt að við hugum öll að stöðu verslunarfólks á þessum annasamasta tíma ársins hjá því og tryggjum að það fái notið jóllanna eins og allir aðrir. Við hjá VR viljum ítreka að verslunarfólk á rétt á hvíldartíma á þessum árstíma, eins og öðrum, og stórhátíðarálagi ef það vinnur á hátíðisdögum svo fátt eitt sé nefnt. Allir eiga rétt á virðingu samborgara sinna sama hvaða starfi sem þeir gegna eða hvenær ársins þeir eru að vinna. Sýnum því verslunarfólki skilning og virðingu.

KJARASAMNINGAR FRAMUNDAN

Nú eru nýhafnar viðræður milli VR og Samtaka atvinnulífsins um nokkrar af sérkröfum félagsins í næstu kjarasamningum. Núgildandi kjarasamningur rennur út í lok febrúar á næsta ári og hefur undirbúningur fyrir næstu viðræðulotu í raun staðið frá undirritun hans í desember 2013. Nú sem endranær hlustum við á óskir og kröfur félagsmanna okkar, m.a. með rýnihópavinnu og skoðana-könnunum, og byggjum á því í viðræðunum. Þær niðurstöður sem við höfum þegar séð benda til þess að launahækkningar séu efstar á blaði hjá félagsmönnum þegar spurt er um áherslurnar í kjarasamningaviðræðunum.

ÓVISSA MEÐ LAUNAKRÖFUR Í KOMANDI VIÐRÆÐUM

Félagsmenn VR eins og aðrir starfsmenn á almennum vinnumarkaði gera kröfu um leiðréttingu launa sinna í ljósi launapróunar annarra hópa í kjölfar síðustu kjarasamninga. Viðræður um launalið kjarasamninga hefjast ekki fyrr en á nýju ári en það er ljóst að þær verða afar erfiðar. Ákvarðanir stjórnvalda, eins og þær birtast í fjárlagafrumvarpinu, gera viðræðurnar flóknari en ella. Hækkun matarskatts kemur þeim lægst launuðu illa eins og VR hefur ítrekað bent á, bæði hér í blaðinu og á öðrum vettvangi. Í þessu tölublaði bendum við einnig á að verð á matvælum hefur lítið lækkað undanfarna mánuði þrátt fyrir styrkingu krónunnar. Óvissa um endanlega niðurstöðu fjárlaga sem og óvissa um gjaldskrárbreytingar um áramót gera lítið til að liðka fyrir viðræðum. Það er því full ástæða til þess að bíða fram yfir áramótin með að leggja fram kröfugerð um launalið samninga.

MEÐ HÆKKANDI SÓL

Kjarasamningarnir settu svip sinn á árið, sem nú er að líða, á mun afdrifaríkari hátt en flesta grunaði. Markmið samninganna hvað verðbólguna varðar náðist en hún er nú með því lægsta sem mælst hefur árum saman. En það dugar ekki til. Samstaðan sem lagt var upp með hélt ekki og eru hvorki félagsmenn VR né aðrir launamenn á almenna vinnumarkaðnum reiðubúnir til að endurtaka leikinn. Það er von mín að á nýju ári taki stjórnvöld og atvinnurekendur sig á og tryggi með okkur réttlæti og sanngirni fyrir alla. [VR](#)

Ég óska félagsmönnum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

*Ólafía B. Rafnsdóttir,
formaður VR.*



ALLIR Í JÓLASKAPI – SÝNUM VIRÐINGU!

Nú er helsti annatími verslana hafinn, jólaverslunin. VR finnst mikilvægt að minna félagsmenn sína á réttindi þeirra á þessum árstíma. Við hvetjum einnig alla til að sýna öðrum virðingu, vera kurteis, brosa og hugsa jákvætt á þessum tíma sem og á öðrum tímum ársins.

Í ár höfum við látið útbúa jólabarmerki fyrir starfsfólk verslana með hvatningarorðum um þessi málefni. Því miður heyrum við of oft af því að viðskiptavinir sýni verslunarfólki ókurteisi, ekki síst á þessum álagstíma, og viljum við með þessu sporna við slíkri hegðun. Við skulum ekki hvæsa heldur vera hlýleg og kurteis.

Verslanir geta óskað eftir merkjum fyrir sína starfsmenn með því að hafa samband í síma 510 1700 eða senda tölvupóst á vr@vr.is og við sendum merkin um hæl, fyrirtækjum að kostnaðarlausu.



AUKIN TÆKIFÆRI TIL VIRKRAR ÞÁTTTÖKU Á VINNUMARKAÐI

Ný námsleið fyrir þá sem hafa áhuga á starfi í vöruhúsum hefst hjá Mími-símenntun í janúar 2015.

Vorið 2014 útskrifaðist fyrsti hópurinn úr raunfærnimati fyrir starfsfólk í vöruhúsum en fjölmargir aðilar unnu saman að því verkefni sem var stýrt og framkvæmt af Mími-símenntun. Fjármagnið kom frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Starfsafli og Starfsmenntasjóði verslunar- og skrifstofufólks.

Náms- og starfsráðgjafar Mímis-símenntunar hafa undanfarin ár hitt fjölda starfsfólks sem starfar í vöruhúsum, bæði atvinnuleitendur og fólk í launuðu starfi. Í viðtölum kom skýrt í ljós að þeir sem starfa í greininni búa yfir þekkingu og færni sem í flestum tilvikum eru án formlegrar staðfestingar. Þess vegna var ákveðið að hanna og framkvæma raunfærnimatið í þessari starfsgrein sem tókst vel í alla staði. Við undirbúning að verkefninu var leitað til hagsmunaaðila og stýrihópur myndaður sem í sátu fulltrúar fyrirtækja og stéttarféлага. Einnig var myndaður faghópur úr atvinnulífinu sem kom að gerð færni viðmiða en í þeim voru fulltrúar frá mismunandi flokkum í starfsgreininni svo sem verslunum, heilðsölum, framleiðslufyrirtækjum og vöruhótelum.

Í framhaldi af raunfærnimatinu fékk Mímis-símenntun styrk til þess að hanna og kenna nýja námsleið í vöruhúsum þar sem vinna við raunfærnimatið nýttist sem stór þáttur í þróun hennar. Það hefur sýnt sig að nám fyrir fólk í þessari starfsgrein hefur vantað hér á landi. Námsleiðin fellur vel að markmiðum framhaldsfræðslu og mun námið veita einstaklingum, með stutta formlega skólagöngu að baki, aukin tækifæri til virkrar þátttöku í samfélaginu ásamt því að veita vinnandi fólki námstækifæri og auðvelda því að afla sér frekari menntunar.

Stefnt er að því að námsleiðin hefjist í janúar 2015 og að henni ljúki í maí. Vinna við námskrána er í fullum gangi en helstu námsgreinar verða m.a. móttaka vöru, afgreiðsla, vörumeðferð, tölvubúnaður, tækjabúnaður og öryggismál.

Raunfærnimat er formleg staðfesting á færni einstaklinga á ákveðnu sviði. Það er öflugt verkfæri til að draga fram og viðurkenna það nám sem er í boði utan hins formlega skólakerfis.

Þeim, sem hafa áhuga á námsleiðinni, er bent á að hafa samband við Mími-símenntun með því að senda tölvupóst á mimir@mimir.is eða hringja í síma 580 1800.

VR STYÐUR HJÁLPARSTARF UM JÓLIN

Stjórn VR hefur ákveðið að styrkja starf hjálparstafa í aðdraganda jólahátíðarinnar, eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Þótt ávallt hafi verið eitthvað um að fólk eigi um sárt að binda og hafi átt í erfiðleikum með að halda jól, þá hefur í seinni tíð aukist mjög þörf fyrir óeigingjarnt og mikilvægt starf hjálparstafa á þessum árstíma. VR hefur reynt að leggja sín lóð á vogarskálarnar með því að hlaupa undir bagga með þeim sem vinna þetta góða starf og í ár ákvað stjórnin að Hjálparstarf kirkjunnar og Rauði kross Íslands yrðu styrkt með 1,7 milljóna króna framlagi hvort um sig auk þess sem deildir Rauða krossins á Akranesi, Austurlandi og í Vestmannaeyjum fengu 200.000 krónur hver.

Við vonum að þetta auðveldi þeim sem líða skort að eiga gleðileg jól.



FYRIRTÆKI ERU ÁHUGASÖM UM FRÆÐSLUSTJÓRA AÐ LÁNI.

Á fundi um starfsmenntamál í Húsi atvinnulífsins 15. október sl. voru flutt fjölmörg fróðleg erindi um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Fram kom að 120 fyrirtæki með samtals 10.000 starfsmenn hafa nú þegar notfært sér þessa þjónustu starfsmenntasjóðanna.

„Fræðslustjóri að láni“ byggist á að lána mannauðsráðgjafa, sérhæfðan í vinnustaðfræðslu og óformlegri menntun, til fyrirtækja. Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins.

Á fundinum veittu fulltrúar fimm fyrirtækja gestum innsýn í hvernig fræðslustjóri að láni hafði nýst þeim. Það voru Ólíudreifing, Kjörís, TM, Elding og Reykjavík Excursions.

Í einu erindanna kom fram að afrakstur verkefnisins hefði verið mánaðarleg fræðsla og hópefli fyrir starfsfólk. Hjá öðru fyrirtæki kom fram að, þrátt fyrir að hjá fyrirtækinu starfaði mannauðs- og fræðslustjóri, væri gott að fá sýn annarra og að starfsfólk væri e.t.v. ófeyrnara við að tjá sig við ókunnuga um fræðsluþarfir og óskir.

Góð mæting var á fundinn og augljóst að fyrirtæki eru áhugasöm um verkefnið „Fræðslustjóri að láni“. Þeir sem óska þess að fá frekari upplýsingar um verkefnið geta haft samband við starfsmenn SVS. Allar nánari upplýsingar er að finna á www.starfsmennt.is



Á myndinni má sjá Þorstein Skúla Sveinsson spjalla við Sólrúnu og Emíliu starfsmenn Body Shop í Kringlunni.

VEISTU HVAÐ JAFNAÐARKAUP ER?

Það er ekki samið um jafnaðarkaup í kjarasamningum. Jafnaðarkaup virðist hinsvegar vera mikið notað og kemur oft upp í málum sem snúa að kvöld- og helgarvinnu hjá starfsmönnum verslana. Kjaramálafulltrúar VR hafa verið á ferðinni síðustu vikurnar og heimsótt fjölmargar verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Markmiðið með heimsóknunum er að kynna verslunarfólki réttindi þeirra og hefur þeim verið mjög vel tekið.



VR ER MEÐ STERKT TENGSLANET TRÚNAÐARMANNA

Trúnaðarmenn VR eru tæplega 200 talsins í bæði stórum sem smáum fyrirtækjum. Þeir mynda mikilvægan hlekk í starfsemi fyrirtækja.

Trúnaðarmaðurinn er tengiliður starfsfólks á vinnustaðnum, bæði við VR og atvinnurekandann. Honum er ætlað að auðvelda samskipti milli þessara aðila enda á hann að eiga greiða leið að upplýsingum. Hlutverk trúnaðarmannsins er m.a. að gæta þess að samningar séu haldnir á vinnustaðnum og lög ekki brotin á starfsfólki. Félagsmenn eiga nú auðveldara með að nálgast upplýsingar um réttindi sín og skyldur á heimasíðu VR og hefur það breytt starfi trúnaðarmannsins. Í dag felst það meira í því að kynna VR og hvetja félagsmenn til að leita sér upplýsinga. Á hverju ári eru haldin um átta til tíu námskeið fyrir trúnaðarmenn VR. Fréttabréf trúnaðarmanna er sent út fjórum til fimm sinnum á ári. Fréttabréfið er upplýsingaveita sem trúnaðarmenn geta sent áfram til félagsmanna VR á þeirra vinnustað.

Hjá VR vinnur stór hópur fólks sem ávallt er reiðubúinn að aðstoða trúnaðarmenn við þau mál sem þarfnast úrlausnar. Beinn tengiliður trúnaðarmanna er **Árdís Birgisdóttir, ardis@vr.is**.

Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

NÝIR OG ENDURKJÖRNIR TRÚNAÐARMENN VR 2014

Adolf Þorberg Andersen, Þekking - Tristan hf.
 Aðalheiður Signý Óladóttir, Olluverzlun Íslands hf.
 Andrea Dögg Færseth, Bílaleiga Flugleiða ehf.
 Andrea Rúna Þorlákssdóttir, Borgun hf.
 Anna Guðríður Einarsdóttir, Distica hf.
 Anna María Grönfeldt, Bakameistarinn ehf.
 Ágústa Harðardóttir, Johan Rönnung hf.
 Árný Helga Þórsdóttir, Laugar ehf.
 Áróra Kristín Hólmfríðardóttir, Saga Film ehf.
 Ása Kristín Óskarsdóttir, KPMG ehf.
 Áshildur Jónsdóttir, Borgun hf.
 Áslaug Alexandersdóttir, Byko ehf.
 Benedikt Ingvason, Danfoss hf.
 Benóný Valur Jakobsson, Sjóklæðagerðin hf.
 Berta Snædal, Dagsól ehf.
 Birgir Már Guðmundsson, SORPA bs.
 Birgir Snær Valsson, Tandur hf.
 Björk Bjarkadóttir, Iceland Travel ehf.
 Bryndís Guðnadóttir, VR
 Brynja Rut Sigurðardóttir, ÍSAM ehf.
 Brynjar Jóhannesson, Fjallakofinn ehf.
 Dagný Tómasdóttir, Ferðaþjónusta bænda hf.
 Edda Svandís Einarsdóttir, Flugfélagið Atlanta ehf.
 Erla Andrea Pétursdóttir, Applicon ehf.
 Gerða Björg Hafsteinsdóttir, VR

Guðbirna K Þórðardóttir, Ungmennafélag Íslands
 Guðrún Jóna Valgeirsdóttir, Icepharma hf.
 Guðrún Rósa Gunnarsdóttir, ILVA ehf.
 Hafdís Björgvinsdóttir, Heimsferðir ehf.
 Hafrún Gerhardt Hermóðsdóttir, Húsasmiðjan ehf.
 Hafsteinn Róbertsson, DK Hugbúnaður ehf.
 Heiðrún Arnsteinsdóttir, Samskip hf.
 Helga Magnúsdóttir, Sendiráð Bandaríkjanna
 Herborg Árnadóttir Johansen, TVG-Zimsen ehf.
 Hildur Sunna Rúnarsdóttir, Sláturfél. Suðurlands svf.
 Hlynur Björn Pálmason, Bernhard ehf.
 Hrefna Björnsdóttir, N1 hf.
 Hrefna Þórisdóttir, ÍSAM ehf.
 Ingibjörg Jónsdóttir, Parlogis ehf.
 Ingimar Þorsteinsson, Marel Iceland ehf.
 Ingunn Kjartansdóttir, Samkaup hf.
 Ingvaldur María Tryggvadóttir, Icepharma hf.
 Jóhanna Birgisdóttir, Sjóvá-Almennar tryggingar hf.
 Jóhanna Erla Jóhannesdóttir, 1912 ehf.
 Jón Stefán Scheving, Búr ehf.
 Konráð Gylfason, Límré Vírnet ehf.
 Kristinn Örn Jóhannesson, Primera Air
 Kristjana Fjóra Guðmundsdóttir, Nordic Visitor ehf.
 Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Egilsson ehf.
 Kristján Sigfús Einarsson, 365 miðlar ehf.

Lára Benediktsdóttir, Ásbjörn Ólafsson ehf.
 Lára Björg Ágústsdóttir, Halldór Jónsson ehf.
 María Hafsteinsdóttir, Hagar verslanir ehf.
 Nína Kristbjörg Hjaltadóttir, Penninn ehf.
 Oddný Arnarsdóttir, Straumhvarf hf.
 Ólafur Róbert Ólafsson, Vörður tryggingar hf.
 Óli Hrafn Ólafsson, Höldur ehf.
 Óskar Guðmundsson, Samskip hf.
 Páll Jóhann Kristinsson, Flugfélag Íslands ehf.
 Selma Björk Grétarsdóttir, Flugfélagið Atlanta ehf.
 Sigurbjörg Linda Sigurðardóttir, Merking ehf.
 Sigurbjörn Björnsson, 1912 ehf.
 Sigurður Atli Sigurðsson, Fjarskipti hf.
 Sigurður Örn Helgason, Bakameistarinn ehf.
 Sigurpála María Birgisdóttir, PV Hugbúnaður hf.
 Sonja Ýr Eggertsdóttir, Egilsson ehf.
 Sólveig Sigríður Sigurðardóttir, Læknasetrið ehf.
 Stefanía Pálsdóttir, Bónus
 Sæmundur Árni Tómasson, Skeljungur hf.
 Sölvi Bragason, Happraetti Háskóla Íslands
 Unnur María Pálmadóttir, 365 miðlar ehf.
 Þorbjörg Halla Harðardóttir, Bílaumboðið Askja ehf.
 Þóra Kristín Halldórsdóttir, DHL Express Iceland ehf.
 Þórhildur Sif Jónsdóttir, Domus Medica hf.
 Þórný Birgisdóttir, Rekstrarvörur ehf.

HÁDEGISFYRIRLESTRAR VOR 2015



8. JAN 2015 Kl. 12.00-13.00

EKKI LÁTA VINNUNA BRENNNA ÞIG UPP!

Fyrirlesari: Guðrún Bergmann

Síffellt fleiri verða fyrir heilsufarsskaða af ofurálagi í vinnu, þar sem streita og afleiðingar hennar leiða til þess að við „tærumst“ hægt og rólega upp innan frá uns við erum útbrunnin. Guðrún fjallar um það hvernig bregðast má við þessum streitueinkennum í stað þess að bíða þar til við erum „brunarústir“ einar. Guðrún talar af reynslu, því fyrir fjórum árum síðan var hún útbrunnin á sál og líkama, en sneri ferlinu við með náttúrulegum aðferðum.



12. MARS 2015 Kl. 12.00 -13.00

FRÆÐSLUFUNDUR UM SKATTSKIL EINSTAKLINGA

Fyrirlesari: Guðrún Björg Bragadóttir – KPMG

Guðrún Björg Bragadóttir frá KPMG fer yfir það helsta sem hafa þarf í huga við gerð skattframtals einstaklinga. Fjallað er um nýjungar í framtalinu, helstu frádráttarliði og vaxta- og barnabætur. Í framhaldinu verður félagsmönnum VR boðið upp á að nýta sér einstaklingsaðstoð sem nánar verður auglýst síðar.



15. JANÚAR 2015 Kl. 12.00 -13.00

ÉG VILDI AÐ ÉG VISSI HVÆÐ ÞETTA ÞÝÐIR!

Fyrirlesari: Dr. Ingibjörg Gunnarsdóttir – prófessor í næringarfræði við HÍ

Samskipti matvælaframleiðenda við neytendur um innihald og hollustu matvara fara að miklu leyti fram í gegnum merkingar á umbúðum matvæla. Þessi samskipti byggja á því að neytandinn sé upplýstur um „leikreglurnar“. Tekin verða dæmi um brot matvælaframleiðenda og innfluttra matvæla á umræddum leikreglum og vonandi skapast liflegar umræður í kjölfarið.



19. MARS 2015 Kl. 12.00-13.00

SAMSKIPTAFÆRNI - MARGFALDAÐU MÖGULEIKA ÞÍNA

Fyrirlesari: Sigríður Arnardóttir.

Léttur og hvetjandi fyrirlestur með fjölmiðlakonunni Sírý, Sigríði Arnardóttur, höfundi bókanna „Laðaðu til þín það góða“ og „Örugg tjáning - betri samskipti“. Boðið verður upp á hagnýt ráð, happdrættisglæðinga og góða samveru í hádegjunu.



12. FEBRÚAR 2015 Kl. 12.00 -13.00

ERT ÞÚ ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ GETUR ORÐIÐ?

Fyrirlesari: Herdís Pála Pálsdóttir

Á þessum hádegisfyrirlestri skoða þátttakendur hvort þeir geti gert meira til að verða það besta sem þeir geta orðið. Skoðaðar eru ástæður fyrir því hvað kann að hafa stoppað eða haldið aftur af okkur og hvernig við getum haldið áfram að vinna í því að bæta okkur meira. Fjallað er um það hvernig eigin viðhorf hafa áhrif á árangur okkar í lífinu og það hvernig val okkar getur aukið árangur og ánægju á saman tíma.



9. APRÍL 2015 Kl. 12.00 -13.00

EINELTI Á VINNUSTAÐ

Fyrirlesari: Brynja Bragadóttir – vinnusálfræðingur

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um einelti á vinnustað, greinarmunur gerður á hugtakinu einelti og öðrum s.s. ágreiningi o.fl., Talað verður um áhrif eineltis á einstaklinga og vinnustaði, skýrt frá orsökum eineltis og leiðum til að fyrirbyggja og taka á einelti á vinnustað. Þá verður fjallað um hlutverk stjórnenda, trúnaðarmanna og annarra starfsmanna í aðgerðum gegn einelti. Í lok fyrirlestrarins verður hvatt til umræðna um efnið.



19. FEBRÚAR 2015 Kl. 12.00 -13.00

LAUNAVIÐTALIÐ

Fyrirlesari: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson
dósent í mannauðsstjórnun við Háskóla Íslands.

Í kjarasamningum VR árið 2000 var ákvæði um persónubundin laun og launaviðtöl voru tekin upp. Launakannanir VR hafa sýnt að þeir félagsmenn sem hafa farið í launaviðtal hafa bætt starfskjör sín. Í þessum fyrirlestri verður rætt um launaviðtalið og hvernig starfsmenn geta undirbúið sig fyrir það og sagt frá helstu aðferðum samningatækni sem nýtast í því.



16. APRÍL 2015 Kl. 12.00 -13.00

TÖLVUPÓSTUR – BESTA TÍMASTJÓRNUNIN

Fyrirlesari: Gunnar Jónatansson – framkvæmdastjóri IBT á Íslandi

Í fyrirlestrinum er fjallað um eitt stærsta vandamál skrifstofufólks sem er áreiti frá tölvupósti. Gefnar eru mjög gagnlegar leiðbeiningar um það hvernig hægt er að gera notkun tölvupósti skilvirkari og að tileinka sér vinnubrögð sem hjálpa til við að skilja á milli afgreiðslu og verkefnavinnu. Veitt eru góð ráð til þess að bæta tímanýtingu á orkuríkari og jákvæðari hátt.

Nánari upplýsingar um hádegisfyrirlestra VR eru á www.vr.is

ALLTAF FULLT HÚS Á HÁDEGISFYRIRLESTRUM VR



AXEL HRAFN HELGASON

Deildarstjóri sölu- og viðskiptaþjónustu hjá Jónum Transport.

HVERNIG FANNST ÞÉR FYRIRLESTUR ODDA UM NÚVITUND?

Mér fannst hann bara nokkuð góður sem kynning á því sem var til umfjöllunar. Það eru takmörk fyrir því sem hægt er að gera á klukkutíma en nóg til að maður gæti jafnvel byrjað að tileinka sér hugmyndirnar eða a.m.k. að afla sér frekari upplýsinga í framhaldinu.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HÁDEGISFYRIRLESTRA VR ÁÐUR?

Nei það hef ég ekki gert. Sá ábendingu um þennan fyrirlestur á Facebook frá bróður mínum.

HVERNIG HENTAR ÞÉR AÐ MÆTA Á ÞESSUM TÍMA?

Mjög vel.

ERTU ÁNÆGÐUR MEÐ ÞÁ FYRIRLESTRA SEM VR BÝÐUR UPP Á?

Persónulega hef ég áhuga á tveimur af fjórum núna í haust. Er það ekki bara ágætt hlutfall?



BJÖRG JAKOBSDÓTTIR

Skrifstofustjóri hjá Handpoint ehf.

HVERNIG FANNST ÞÉR FYRIRLESTUR ODDA UM NÚVITUND?

Fyrirlesturinn var frábær að mínu mati. Hann náði að fá alla til að hlusta og taka þátt og ég mun, sem dæmi, nota hugleiðslutæknina áfram og kynna mér betur núvitund.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HÁDEGISFYRIRLESTRA VR ÁÐUR?

Ég hef verið fremur dugleg að mæta á hádegisfyrirlestra VR. Annað hvort kem ég ein eða með vinkonu minni en þarna hittumst við í öllum dagsins og eignum góða stund saman.

HVERNIG HENTAR ÞÉR AÐ MÆTA Á ÞESSUM TÍMA?

Ég er mjög ánægð með tímasetninguna.

ERTU ÁNÆGÐ MEÐ ÞÁ FYRIRLESTRA SEM ÞÚ HEFUR MÆTT Á?

Ég hef hingað til ekki mætt á fyrirlestur sem ekki hefur gagnast mér. Ávallt hafa verið í boð áhugaverðir fyrirlesarar sem hafa gert mér gott á einn eða annan hátt.

VR býður reglulega upp á skemmtilega og fróðlega hádegisfyrirlestra. Þar er alltaf fullt hús og komast oft færri að en vilja. Þeir eru haldnir í sal VR í Húsi verslunarinnar en félagsmenn VR sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta horft á fyrirlestrana gegnum fjarfundabúnað á skrifstofum VR á Egilsstöðum, Akranesi og í Vestmannaeyjum.



BJÖRGVIN JÓNSSON

Hugbúnaðarsérfræðingur hjá Sjóvá.

HVERNIG FANNST ÞÉR FYRIRLESTUR MARÍU UM FJÁRSJÓÐSLEITINA?

Fyrirlesturinn hennar Maríu var mjög góður. Hún náði að miðla þessu vel til okkar bæði með sínum leikrænu hæfileikum og með því að láta okkur taka virkan þátt. Það, að hafa námskeiðið standandi og alltaf einhver verkefni eða æfingar, gerir námskeiðið meira lífandi og skemmtilegra og svo situr meira eftir þegar þessi háttur er hafður á.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HÁDEGISFYRIRLESTRA VR ÁÐUR?

Já ég hef aðeins nýtt mér hádegisfyrirlestra VR áður en þó aðallega meðan ég var trúnaðarmaður.

HVERNIG HENTAR ÞÉR AÐ MÆTA Á ÞESSUM TÍMA?

Hádegði hentar mér vel en þó væri í lagi að mæta líka snemma á morgnana.

ERTU ÁNÆGÐUR MEÐ ÞÁ FYRIRLESTRA SEM VR BÝÐUR UPP Á?

Já ég er mjög ánægður með þá fyrirlestra sem eru í boði en ég missti því miður að þeim fyrsta sem fjallaði um nútíund. Vonandi verður hann aftur á dagskrá síðar.



SOFFÍA R. GESTSDÓTTIR

Sölustjóri blómaveildar hjá Grænum markaði.

HVERNIG FANNST ÞÉR FYRIRLESTURINN HJÁ MARÍU UM FJÁRSJÓÐSLEITINA?

Þetta var frábær fyrirlestur og skemmtilegar verklegar æfingar. Hann blés mér eldmóð í brjóst og svo skemmti ég mér ákaflega vel. Hún náði að heilla mig og setti efnið fram á einfaldan og skemmtilegan hátt. Hún er alveg með þetta, fékk alla með sér í skemmtilegar æfingar. Hún fór út með fræ sem er undir mér komið hvernig ég hlúi að og læt dafna. Ég á örugglega eftir að finna marga dýrmæta fjársjóði í framtíðinni.

HEFUR ÞÚ NÝTT ÞÉR HÁDEGISFYRIRLESTRA VR ÁÐUR?

Já fer alltaf þegar ég get. Það er meiriháttar gott og síðast en ekki síst skemmtilegt að brjóta upp daginn og hlusta á og sjá skemmtilegt fólk.

HVERNIG HENTAR ÞÉR AÐ MÆTA Á ÞESSUM TÍMA?

Pokkalega. Væri betra á miðvikudögum vegna vinnu minnar.

ERTU ÁNÆGÐUR MEÐ ÞÁ FYRIRLESTRA SEM VR BÝÐUR UPP Á?

Já á heildina lítið er ég það. Þeir eru fjölbreyttir og þeir sem koma eru framarlega á sínu sviði og miðla vel sinni þekkingu og reynslu. Endilega haldið áfram á þessari braut.

AÐ LOKNU ÞINGI ASÍ

Rúmlega áttatíu fulltrúar VR tóku þátt í umræðum og málefnavinnu á nýafstöðnu þingi ASÍ. Á þinginu voru formenn VR og Eflingar kosnir fyrsti og annar varaforseti ASÍ en þetta er í fyrsta skipti sem formaður VR gegnir embætti varaforseta sambandsins. Miklar umræður fóru fram á þinginu um stöðu kjaramála, velferðarmála og hlutverk og stöðu verkalyðshreyfingarinnar.

MIKIL ÞÁTTTAKA Á VR DEGINUM

Í aðdraganda þingsins var haldinn sérstakur undirbúningsfundur fulltrúa VR undir yfirskriftinni VR dagurinn og er það í fyrsta skipti sem undirbúningi fyrir þing ASÍ er þannig háttað hjá félaginu. Á VR deginum voru málefnin rædd og skipst á skoðunum í málefnaþópum. Mikil og góð þátttaka var í allri umræðu og vinnu á VR deginum og kom glögg í ljós, þegar til þingsins kom, hversu mikilvægur undirbúningur af þessu tagi er.

HÁVÆR KRAFA UM LEIÐRÉTTINGU

Alls átti VR 85 fulltrúa af tæplega 300 á þingi ASÍ. Yfirskrift þingsins var Samfélag fyrir alla – jöfnuður og jöfn tækifæri. Kjarasamningar eru lausir í lok febrúar á næsta ári og setti það óneitanlega mikinn svip á þingið. Sterk krafa kom fram um að launþegar innan ASÍ fái leiðréttingu á sínum kjörum til samræmis við hópa sem náðu samningum eftir að aðildarfélög ASÍ sömdu í desember á síðasta ári. Sjaldan eða aldrei hafi kjarasamningar skilað jafn ólíkum launahækkunum. Þá var þess krafist að stjórnvöld dragi til baka þær skerðingar á réttindum og kjörum launafólks sem boðaðar eru í fjárlagafrumvarpi næsta árs.

Mörgum var tíðrætt um aukna misskiptingu í þjóðfélaginu og versnandi stöðu þeirra sem minna mega sín. Í ályktun þingsins var bent á að nú þegar þurfi efnaminna fólk að neita sér um heilbrigðisþjónustu og lyf vegna kostnaðar á meðan þeir efnameiri geti keypt sér forgang og betri þjónustu. Með því sé rofinn áratuga samfélagssáttmáli um aðgengi allra að heilbrigðisþjónustu. Auk heilbrigðismála voru húsnæðis- og menntamál til umræðu og samþykktar voru ályktanir um öll helstu mál þingsins.

ÞÖRF Á BREIÐARI FORYSTU VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR

Forseti ASÍ, Gylfi Arnbjörnsson, var endurkjörinn með miklum meirihluta atkvæða en Ragnar Þór Ingólfsson, stjórnarmaður í VR, bauð sig fram gegn honum. Samþykkt var að breyta lögum sambandsins þannig að varaforsetar verði tveir. Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, og Sigurður Bessason, formaður Eflingar, voru sjálfkjörin fyrsti og annar varaforseti.

Miklar umræður voru um skipulag verkalyðshreyfingarinnar sjálfra á þinginu og töldu margir mikilvægt að hreyfingin láti meira til sín taka í baráttunni. Þörf fyrir breiðari forystu ASÍ var ein af ástæðum þess að formaður VR ákvað að gefa kost á sér í embætti fyrsta varaforseta sambandsins. Í ávarpi sínu á þinginu sagði Ólafía m.a.: „Styrkur ASÍ felst í fjöldanum og samstöðunni. Sambandið er sterkara af því að innan þess eru margar ólíkar skoðanir sem eiga að heyrast og hlusta verður á. Forysta ASÍ sækir umboð sitt til aðildarfélaganna og forystusveit þess á auðvitað að endurspeglar það. ASÍ er þannig ekki ein rödd heldur margar raddir. Til að tryggja að þessar raddir heyrast betur - og að á þær sé hlustað af athygli - tel ég brýnt að breikka forystusveit ASÍ.“

NÝR OG BREYTTUR VERULEIKI

„Þing ASÍ er mikilvægur vettvangur fyrir aðildarfélögin til að skiptast á skoðunum og skerpa á stefnunni.“ Sagði Ólafía í ávarpi sínu. „Málefnaþóparnir sem hafa verið hér að störfum síðustu daga hafa sett okkur öllum sem hér sitjum verkefni fyrir næstu misseri. Það heyrast æði oft þegar kjarasamningar eru framundan að búist sé við erfiðum viðræðum. Það hefur sjaldan eða aldrei verið sannara en einmitt núna. Við stöndum frammi fyrir allt öðrum veruleika en við gerðum ráð fyrir þegar samningar voru undirritaðir í desember í fyrra. En kröfur okkar eru skýrar. Hvort sem við förum fram sameiginlega eða sitt í hvoru lagi viljum við öll það sama. Við viljum leiðréttingu á kjörum okkar í samræmi við þá sem á eftir okkur komu og við viljum einfaldlega réttlæti.“

Nánar má lesa um þing ASÍ á heimasíðu sambandsins www.asi.is.



ORLOFSRÉTTUR, PAKKALAUN OG VINNUTÍMINN

VR og Samtök atvinnulífsins funda um sérkröfur VR í kjarasamningum.

ÓLAFÍA B. RAFNSDÓTTIR – FORMADUR VR

Kjarasamningar VR renna út í lok febrúar 2015 og hefur undirbúningur fyrir næstu samningalotu staðið yfir síðustu mánuði. Nú er nýlokið rýnihópa-vinnu meðal félagsmanna og í byrjun árs er fyrirhuguð skoðanakönnun meðal stærri hóps VR félaga. (sjá umfjöllun á bls. 14).

Ljóst er að samningaviðræðurnar verða erfiðar, einkum hvað varðar launalið samninganna. Launafólk á almennum vinnumarkaði gerir kröfu um leiðréttingu launa sinna í ljósi launaþróunar annarra hópa á vinnumarkaði síðustu misseri. Allt bendir til þess að aðildarfélag ASÍ fari fram með sínar launakröfur hvert fyrir sig, enda virðist ekki vera vilji til þess að leggja fram samræmda launakröfu eins og gert var í síðustu samningum.

VR, eins og flest önnur stéttarfélag, mun leggja fram kröfugerð um launalið samningsins eftir áramót. Mikil óvissa ríkir um marga þætti sem snerta launaliðinn. Þegar þetta er skrifað er enn óljóst hver verður endanleg útfærsla fjárlaga hvað skatta- og velferðarmálin varðar og allar líkur benda til þess að gjaldskrár hins opinbera hækki um áramót eins og iðulega gerist.

VIÐRÆÐUR UM SÉRKRÖFUR HAFNAR

Viðræður um nokkrar helstu sérkröfur VR eru hins vegar hafnar og var fyrsti fundur fulltrúa VR og Samtaka atvinnulífsins um miðjan nóvember. Síðasti kjarasamningur VR var aðfarasamningur þar sem einungis var samið um launaliðinn en umræðum um sérkröfur var frestað. Í kröfugerð VR fyrir síðustu kjarasamninga var gerð grein fyrir sérkröfum félagsins og liggur sú kröfugerð til grundvallar í þeim umræðum sem nú eru hafnar. Hér að neðan er stiklað á stóru á nokkrum helstu sérkröfum félagsins sem ræddar voru á fundi VR og SA.

ORLOFSRÉTTUR

Í kröfugerð VR er fjallað um áunnin orlofsréttindi félagsmanna. Launamaður sem hættir störfum hjá fyrirtæki eftir nokkura ára starf hefur áunnið sér lengri orlofsrétt en það lágmark sem kveðið er á um í kjarasamningum. Hann þarf hins vegar að vinna í þrjú ár á nýjum vinnustað til að öðlast aftur sama rétt og hann hafði á sínum gamla vinnustað. Til umræðu er að þessi





réttur fylgi launamanninum milli vinnustaða eða í það minnsta að það taki hann skemmri tíma en þrjú ár að vinna sér hann inn aftur.

VEIKINDARÉTTUR

Umræða um að útvíkka veikindaréttinn þannig að félagsmenn geti nýtt hann vegna veikinda maka eða aldraðra foreldra hefur verið uppi á borðum í nokkurn tíma. Ljóst er að þörfin á breytingu á veikindaréttinum í þessa átt hefur aukist.

Þá hefur einnig verið rædd sú krafa VR að fyrirtæki, sem óska eftir læknisvottorði vegna veikinda starfsmanna sinna, beri allan kostnað vegna vottorðanna og komugjalda til lækna en sú er ekki raunin í dag.

TRYGGINGAR

Í viðræðum nú er einnig lögð áhersla á tryggingamál launafólks. Í bókun með kjarasamningum frá árinu 2011 segir að launamenn séu að fullu slysatryggðir á ferðalögum erlendis í þágu fyrirtækisins. Hér þarf hins vegar að kveða skýrar að máli. VR gerir þá kröfu að trygging félagsmanna nái einnig til umferðarslysa erlendis, t.d. slysa sem gangandi vegfarendur verða fyrir. Eins og staðan er núna þurfa félagsmenn sem lenda í slíkum slysum að sækja mál sín sjálfir gagnvart hinu erlenda tryggingafélagi ökumannsins.

VINNUTÍMI

Margt ungt fólk vinnur hlutastarf í verslun með skóla. Vinnusamband þeirra og atvinnurekandans er oft laust í reipum og réttarstaða þeirra óljós. VR telur mikilvægt að skerpa á réttindum fólks sem vinnur hlutastarf, sérstaklega hvað vinnutímann varðar.

Þá hefur einnig verið rætt, á fundum VR og SA, um réttindi félagsmanna sem ferðast mikið í sínu starfi. VR gerir kröfu um að ferðatími vegna ferðalaga á vegum fyrirtækisins teljist til vinnutíma og að greiða beri fyrir hann samkvæmt því.

PAKKALAUN

Pakkalaun, þar sem greidd er ákveðin upphæð burtséð frá vinnutíma, eru orðin æ algengari á vinnumarkaði. Í sumum tilfellum eru rauðir dagar færðir inn í pakkalaun sem og uppbætur. VR gerir þá kröfu að launagreiðslur séu gegnsæjar og auðvelt sé fyrir launafólk að sjá hver launin þeirra raunverulega eru. Þetta þýðir að í ráðningarsamningum og á launaseðlum verður að skilgreina vinnutímann betur sem og starfshlutfallið, skiptingu launa í dag-, eftir- og yfirvinnu o.s.frv.

Auk þess sem fjallað er um hér að ofan voru fjölmörg önnur mál til umræðu á þessum fyrsta fundi VR og SA. Þá eru ótalin þau mál sem eru sameiginleg félögum innan Alþýðusambands Íslands en það eru mál sem eiga við um kjarasamninga almennt og eru unnin á vettvangi heildarsamtakanna. [VR](#)

ÁHERSLA Á LAUN OG KAUPMÁTT

Svarendur í nýlegri rýnikönnun VR telja að félagið eigi að leggja áherslu á að hækka laun og auka kaupmátt í næstu kjarasamningum. Könnunin var gerð í október og nóvember og var notast við svokallað fjarumræðuborð á netinu þar sem þátttakendur bæði svöruðu spurningum og tóku þátt í umræðu um málefnið.

STEINUNN BÖÐVARSDÓTTIR, FAGSTJÓRI RANNSÓKNA HJÁ VR.

Markmiðið var að efna til umræðu meðal félagsmanna um áherslurnar í kjarasamningaviðræðum. VR lagði fram kröfugerð fyrir kjarasamningana 2013 en í lok þess árs var skrifað undir aðfararsamning sem sneri eingöngu að launalið samninganna. Í kjölfarið hækkuðu hins vegar laun margra annarra hópa á vinnumarkaði og hefur sú þróun haft mikil áhrif á afstöðu félagsmanna VR til kröfugerðar í komandi samningum. Í ljósi þess var ákveðið að efna til þessarar rýnikönnunar. Hér að neðan er fjallað um helstu niðurstöður.

HÆKKUM LAUNIN

VR á að leggja áherslu á hækkingu launa í kjarasamningunum að mati svarenda, sérstaklega lægstu launanna og má segja að það hafi verið rauði þráðurinn í umræðunum. Margir svarendur sögðust vilja krónutöluhækkingu fremur en prósentuhækkingu, slíkt stuðli frekar að sanngirni. Fyrirtæki sem hafi möguleika á að hækka launin eigi einfaldlega að gera það. Þá var áhersla lögð á að auka kaupmáttinn; að tryggja verði með einhverjum hætti að launahækkunar skili sér til fólks. „Matarkarfan hefur hækkað alltof mikið og fyrir marga eru ferskt grænmeti og ávextir að verða munaðarvara“, sagði einn þátttakandi.

Breytingar á skattamálum komu einnig til umræðu, þ.á.m. hækkingu persónuafsláttar og skattleysismarka. Einnig var rætt um að tillögur um hækkingu matarskatts skyldu dregnar til baka. Þá sögðust margir vilja að félagið beiti sér fyrir því að afnema verðtrygginguna að hluta eða öllu leyti.

Spurt var hvort VR eigi að fara í samflot með öðrum verkálýðsfélögum þegar kemur að launakröfum í kjarasamningaviðræðunum. Sumir bentu á að það væri styrkur í fjöldanum en hætta er á að þeir sem á eftir koma nái fram meiri hækkingum. Margir voru á því að félagið ætti ekki að taka þátt í samræmri launastefnu eins og gert var í síðustu kjarasamningum.

Ungum svarendum varð tíðrætt um jafnaðarkaup sem virðist nokkuð algengt meðal þátttakenda undir 25 ára aldri. Ungu fólkið lagði áherslu á jöfn laun kynjanna og er áhugavert að sjá hve jafnrétti kynjanna var þessum aldursþópi hugleikið á öllum sviðum.

Á AÐ STYTSTA VINNUVIKUNA?

Þó að launin hafi verið rauði þráðurinn í umræðinni var einnig rætt um önnur réttindi. Margir sögðust gjarnan vilja stytta vinnuvikuna en

fæstir töldu sig geta það ef það fæli í sér skerðingu launa. Þá komu upp hugmyndir um breytingu á orlofsrétti til að mæta vetrarfríum í skólum, að áunnin réttindi starfsfólks flytjist milli vinnustaða, að réttindi vegna veikinda barna verði aukin, veikindarétturinn útvíkkaður o.fl. Spurt var um mikilvægi menntunar en starfsmenntun er meðal helstu áherslna VR í kjarasamningaviðræðunum. Menntun og kunnáttu þarf að meta betur til launa, að mati þátttakenda, og starfsmat má nota betur til að hækka laun. Hins vegar megi ekki vanmeta reynsluna segja sumir og á það einkum við um svarendur í ferðapjónustu.


„SURVIVOR“ FYRIR SAMNINGAMENN

Þá kom upp umræða um hvernig VR og atvinnurekendur geti komið að kjarasamningaviðræðum á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Samfélagsleg ábyrgð var ofarlega á lista hvað þetta varðar – „það á enginn að þurfa að vera útundan í okkar samfélagi, það er nóg til skiptanna“, sagði einn þátttakandi.

Þá var lögð áhersla á að unnið sé út frá sameiginlegum hagsmunum beggja aðila. Mikilvægi þess að hlusta á hinn almenna félagsmann var ítrekað og að allir komi að viðræðunum með opnum huga og tilbúin til að hugsa út fyrir rammann. „Sendum samninganefndirnar saman í sund eða upp á fjall, látum þau í „survivor“ til að fá þau til að vinna saman“, hljómaði ein tillagan.

UM RÝNIKÖNNUNINA

Þátttakendum í þessari könnun var skipt í þrjá hópa; félagsmenn úr ferðapjónustu, ungir félagsmenn í verslun og svo blandaður hópur félagsmanna úr verslun og skrifstofu. Einstaklingar voru valdir handahófskennt og skipuðu á milli 20 og 30 félagsmenn hvern hóp fyrir sig. Rannsóknarfyrirtækið Maskína sá um framkvæmdina og úrvinnslu niðurstaðna. Umræðuborð fyrir hvern hóp fyrir sig var opið í þrjá til fjóra sólarhringa í lok október og byrjun nóvember 2014.

Um var að ræða svokallaða eigindlega rannsókn þar sem leitast er við að fá ítarlegar upplýsingar um stöðu og viðhorf einstaklinganna sem taka þátt. Til að fylgja eftir þessari rannsókn verður í byrjun næsta árs send út viðhorfskönnun til 3.000 félagsmanna þar sem áfram verður spurt um áherslur í kjarasamningunum og viðhorf félagsmanna. 

HVAR ER ÁVINNINGURINN?

Umræðan um hátt vöruverð hefur verið hávær á Íslandi undanfarin misseri og skyldi engan undra því matur er stór liður í rekstrarkostnaði heimila. Eftir að fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar var lagt fram, þar sem lagt er til að matarskatturinn verði hækkaður umtalsvert, jókst þessi umræða til muna og er full ástæða til að staldra við og skoða stöðuna.

Þegar rætt er um verðlag á nauðsynjavörum bera margir kaupmenn því við að viðskiptavinir hafi notið góðs af sterkara gengi krónunnar undanfarin misseri. En er það svo? Tölurnar benda til þess að staðan sé e.t.v. önnur.

KRÓNAN STYRKIST – MATARVERÐ HÆKKAR


Á myndinni hér að neðan má sjá þróun gengis íslensku krónunnar frá upphafi árs 2013 til september í ár, samanborið við þróun á verðlagi á mat- og drykkjarvöru og þróun á verðlagi innfluttrar vöru. Á tímabilinu styrktist krónan um 12,4%. Matarverð eða verð á dagvöru hækkaði á sama tímabili um 1,8% og verð á innfluttri mat- og drykkjarvöru lækkaði um 0,6% samkvæmt mælingum



ÓLAFÍA B.
RAFNSDÓTTIR
FORMÆÐUR VR


Hagstofunnar. Þarna má líka sjá þróun á mat og drykkjarvörum í ríkjum Evrópusambandsins sem hefur staðið nánast í stað á tímabilinu.

Í umræðunni hefur því oft verið haldið fram að útgjöld til matvæla séu sambærileg hjá öllum heimilum, burtséð frá tekjum. Það er ekki allskostar rétt. VR hefur bent á að þeir sem eru á lægri launum verji hlutfallslega stærri hluta ráðstöfunartekna sinna í matarinnkaup en þeir sem hæstu launin hafa, eins og útgjaldarannsókn Hagstofunnar sýnir. Tekjuhæstu heimilin verja að meðaltali 10,7% ráðstöfunartekna sinna í mat- og drykkjarvöru en þau tekjulægstu 17,6%, eins og fram kom í umfjöllun í síðasta tölublaði VR blaðsins.

Við sjáum því miður lítið sem bendir til þess að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra matarverði sem myndi skipta tekjulægri heimili miklu. Og það er í takt við það sem við neytendur sjáum í buddunni um hver mánaðamót. Því spyr ég þá, sem halda því fram að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra verði á nauðsynjavörum, hvar er ávinningurinn? 

» Við sjáum því miður lítið sem bendir til þess að styrking krónunnar hafi skilað sér í lægra matarverði. «

ÞRÓUN GENGIS OG VERÐLAUGS, JANÚAR 2013 - SEPTEMBER 2014



Heimildir: Hagstofa Ísland, Seðlabanki Íslands og Hagstofa Evrópusambandsins

AUKIN MENNTUN, HÆRRI LAUN

Brýn þörf er á samfelldu starfsnámi fyrir þann stóra hóp fólks sem starfar í verslun og þjónustu. Ein af helstu áherslum VR í viðræðum um nýjan kjarasamning er starfsmenntun og leggur félagið áherslu á að starfsnám verði metið til launa.

Verðmætamat starfs felst að miklu leyti í því hvaða náms er krafist af þeim sem inna það af hendi. Verslun og þjónusta eru meðal stærstu atvinnugreina á Íslandi en þrátt fyrir það hefur ekki skapast hefð fyrir starfsnámi í þeim greinum. Það virðist vera algengt að starfsfólk hefji starfsferil sinn þar með það í huga að það ætli aðeins að stoppa stutt og færa sig fljótlega annað. Margir í lengjast þó og komast að því að störfín eru æði oft áhugaverð og krefjast mikillar þekkingar og sérhæfingar.

Hin mikla þekkingarsköpun í verslun og þjónustu er hins vegar falin þeim sem ekki þekja til og erfitt getur reynst að sýna fram á sérhæfingu þegar hún er bundin við einn vinnustað. Hvert fyrirtæki hefur sínar aðferðir, ferla og hugbúnað. Með viðurkenndu starfsnámi í verslun væri auðveldara að sýna fram á kunnáttu einstaklingsins og hvað hann getur gert til þess að halda áfram að þróast í starfi.

NÝTA Á OG AÐLAGA NÁM SEM ÞEGAR ERTIL

Markmið VR er ekki að búa til nýtt nám, heldur að nýta þá vinnu sem þegar er til, samræma hana og aðlaga að þörfum atvinnulífsins. Búið er að kortleggja störf á öðru þrepi íslensku hæfniprepanna (sjá mynd). Námskráin „verslunarfagnám“ fellur undir annað þrep og vinnur Mímir símenntun að því að laga hana að nýrri námskrá sem ber heitið „verslunarfylltrúi“ og er unnin að frumkvæði



**SÓLVEIG LILJA
SNÆBJÖRNSDÓTTIR**
FAGSTJÓRI
STARFSMENNTAMÁLA
HJÁ VR

starfsgreinaráðs verslunar- og skrifstofugreina. Mímir, ásamt fleiri símenntunarmiðstöðum, býður upp á raunfærnimat í verslunarfagnámi.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (FA) vinnur nú að því að skilgreina störf í verslun að frumkvæði VR. Hlutverk FA er að vera samstarfsvettvangur ASÍ, SA, BSRB og fleiri aðila um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar fræðslustofnanir á vegum aðildar-samtakanna. FA vinnur skilgreiningu á störfum eftir ákveðinni aðferðafræði sem kallast hæfnigreining. Greiningin er unnin með starfsfólki frá ólíkum vinnustöðum sem þekkir vel til þeirra starfa sem um ræðir. Þannig fæst yfirsýn yfir þær kröfur sem gerðar eru til starfsins í raun og veru, óháð vinnustað.

Að lokinni hæfnigreiningu er unnin starfaprófill á ólíkum þrepum starfa í verslun. Slíkur starfaprófill er notaður til að meta hvar starfsmaðurinn er staddur og undir hvaða hæfniviðmið hann fellur. Þau viðmið eru skilgreind af atvinnulífni í fyrrgreindu ferli. Þá er hægt að meta raunfærni reyndra starfsmanna í verslun með hliðsjón af slíkum hæfniviðmiðum.

KORTLAGNING STARFA – HEILDARSÝN

Nú er unnið að því hjá FA að hæfnigreina störf á fyrsta þrepi íslensku hæfniprepanna og er sú vinna unnin í



HVAÐ ERU HÆFNIÐREP?


Hæfniþrepin mynda ramma um mismunandi kröfur við námslok án tillits til þess hvort námið er bóknám, listnám eða starfsnám. Hæfniþrepin eru skilgreind með nemendum í huga óháð skólastigi og framkvæmdaraðila. Hæfniþrepin eru einnig upplýsandi fyrir hagsmunaaðila, jafnt nemendum sem atvinnulíf og næsta skólastig sem tekur við nemanda að loknu námi. Íslensku hæfniþrepin eru 7 en Evrópsku eru 8.

Íslensk hæfniþrep	Dæmi um námslok og prófgráður	Evrópsk hæfniþrep
7	Doktorspróf	8
6	Meistarapróf Framhaldsnám á meistarastigi	7
5	Bakkalárpróf	6
4	Diplóma á háskólastigi Viðbótarnám við framhaldsskóla	5
3	Stúdentspróf Frumgreinanám Próf til starfsréttinda Önnur lokapróf	4
2	Framhaldsskólapróf Próf til starfsréttinda Önnur lokapróf	3
1	Framhaldsskólapróf Grunnskólapróf Önnur lokapróf	1-2

samvinnu við VR og Samtök verslunar- og þjónustu, en mikilvægt er að allt atvinnulífið vinni saman að slíkri hæfnigreiningu. Á næsta ári er fyrirhugað að halda áfram greiningarvinnu starfa á þriðja og fjórða þrepi í verslun. Líklega fellur verslunarstjóranámið sem kennt er í Háskólanum á Bifröst á þriðja þrep í greiningunni. Þessi kortlagning er grundvöllurinn að því að til sé heilsteypst starfsnám í verslun þar sem ein námsskrá opnar leið að annarri alveg upp á háskólastig.

VIÐURKENNT STARFSNÁM ER EKKI NÓG EITT OG SÉR

Það er markmið VR að fá starfsnám í verslun metið til launa í næstu kjarasamningum. Það hefur sýnt sig að framboð náms eitt og sér er ekki nægilegt fyrir starfsfólk í verslun- og þjónustu, starfsmenn verða að geta gengið að því vísu að slíku námi fylgi kjarabót.

Framtíðarsýn VR í þessum málaflokki er að boðið verði upp á starfsnám í verslun hjá símenntunarmiðstöðvum fyrir fullorðin fólk og í framhaldsskólum fyrir ungt fólk. Fyrsta skrefið er að semja um launahækkun til starfsmanna sem ljúka tilteknu námi með formlegum hætti. Þá er leiðin greið í raunfærnimat fyrir eldri hópinn. Vel upp byggt starfsnám er stór liður í því að hefja störf í verslun og þjónustu upp til vegs of virðingar. 

SETNINGIN „GET ÉG AÐSTOÐAÐ?“ ER BÖNNUÐ Í MINNI VERSLUN!

Í verslun skiptir framkoma starfsmanna miklu máli, það þekkir Vignir Andersen, en hann hefur unnið lengi við verslunarstörf eða í 25 ár. Vignir spyr ekki viðskiptavini „get ég aðstoðað?“ Hann segir frekar, „hvað get ég gert fyrir þig í dag?“ Þannig er hann búinn að brjóta múrinn og fær ekki svörin „já“ eða „nei“. Vignir hefur alltaf haft gaman af sölumennsku og finnst gefandi að hitta nýtt fólk daglega.

„Þetta byrjaði allt saman í Herragarðinum í Kringlunni árið 1990, að mig minnr, undir verndarvæng Sigurpórs Þórólfssonar, Bóbós, sem á og rekur í dag verslunina Karlmann á Laugarveginum,“ segir Vignir. En í þessi 25 ár hefur Vignir unnið í nokkrum verslunum. Í dag er hann verslunarstjóri í versluninni Kultur menn í Kringlunni sem NTC á og rekur. Annasamasti tími verslunarfólks er framundan og af því tilefni lögðum við nokkrar spurningar fyrir Vigni um verslunarstörf og þróunina síðustu áratugi.

ER VERSLUNARSTARFIÐ EINA ÁHUGAMÁLIÐ?

„Nei, ekki aldeilis. Ég á ýmis önnur áhugamál fyrir utan sölumenskuna, ég hef stundað golf síðan 1998, er mikið fyrir mótörhjól og á tvö stykki. Ég stunda skíði og bretti, það jafnast ekkert á við að bruna niður brekkuna. Ég hef einnig mikinn áhuga á tónlist og hamast við að læra gripin á gítarinn sem ég keypti mér fyrir tveimur árum. Það gengur eitthvað brösulega, ætli ég verði ekki bara að bíða eftir appi sem reddar þessu fyrir mig.“





» Það er mun betra að spyrja „hvað get ég gert fyrir þig í dag?“ Þá eru svörin „já og nei“ ekki í boði og múrinn brotinn.«

eftir svona törn má eiginlega bara líkja við auglýsinguna frá VR þar sem daman sofnar ofan í súpuna á aðfangadag.

HVERNIG FINNST ÞÉR RÉTTINDI STARFSFÓLKS Í VERSLUNUM HAFA ÞRÓAST, T.D. ER VARÐAR VINNUTÍMA?

„VR hefur vissulega staðið sína plikt í að hugsa um sína félagsmenn og þeirra velferð á álags tímum eins og jólin til dæmis. Með lengingu opnunartíma verslana eykst álag á starfsfólk og það er lykilatriði að hvíldartími starfsfólks sé virtur og auðvitað laun og kjör. Það eru bara ekki allir með sinn rétt á hreinu þegar kemur að stéttarfélagsglum. Það er mikið af skólafólki, sem sækir í aukavinnu um helgar og á álagstímum, sem lítið veit um sinn rétt. Ég tel það mjög mikilvægt að upplýsa unga fólk um sín réttindi í þann mund sem það er að taka sín fyrstu skref á vinnumarkaðinum. Það er hægt að gera í gegnum skólana til dæmis.“

HVAÐ FINNST ÞÉR AÐ BETUR MÆTTI FARA Í RÉTTINDUM VERSLUNARFÓLKS?

Launamálin koma mér fyrst í huga. Lágmarkslaun í dag gera ekki mikið fyrir fjölskyldumann með tvö börn til dæmis. Lögbundnum frídögum fækkar stöðugt og er það miður. Við verðum að standa betur á okkar rétti og láta samfélagið ekki leiða okkur í að við endum í því að þetta verði eins og í Bandaríkjunum, en þar er opið í verslunum að ég held alla daga ársins að frátöldum þakkargjörðardeginum. Þetta er eiginlega bara þannig að ef verslunareigendur vilja að starfsmaður vinni, þá vinnur hann bara. Í dag er opnunartími verslana einna frjálástur hér á landi af löndum hins vestræna heims. ^{VR}

HVERNIG ER AÐ VINNA Í VERSLUN?

„Ég hef alveg ofboðslega gaman að vinna í verslun. Það gefur mér vissis öruggi að vera í „ramma“ þar sem ég þekki hvern einasta sentimeter og allt það sem er í rammanum. En auðvitað koma erfiðir tímar, og þá er ég að tala um sumarið. Vilja ekki allir vera einhversstaðar annarsstaðar en í vinnunni þá?“

HVAÐA ÁRSTÍMI FINNST ÞÉR SKEMMTILEGASTUR Í VERSLUN?

„Haustið og veturinn eru langskemmtilegasti tími ársins í verslun. Það er einhvern veginn allt að gerast frá tímabilinu ágúst og fram að jólum. Svo eru fötin líka svo hrikalega flott í haustlínunni yfirleitt.“

ER EKKERT ERFITT AÐ VERA BROSANDI OG Í GÓÐU SKAPI ALLAN DAGINN?

„Hahaha, nei nei. Þegar maður er að vinna með skemmtilegu fólki kemur góða skapið af sjálfu sér. Svo er það auðvitað fólk sem kemur inn í búðina sem gefur manni hvað mest. Vissulega geta sumir verið alveg ofboðslega þungir og lokaðir þegar þeir koma inn í búðina, eins og þeir séu neyddir til að koma inn til mín. Þá er það bara reynsan sem „kikkar“ inn, maður bara brosir og býður góðan dag sem er fyrsta skrefið í að opna inn á samræður við viðskiptavininn. Setningin frá „Get ég aðstoðað?“ er bönnuð í minni búð. Það er mun betra að spyrja „hvað

get ég gert fyrir þig í dag?“ Þá eru svörin „já og nei“ ekki í boði og múrinn brotinn.

HEFUR ÞÚ KYNNST MÖRGUM Í GEGNUM VINNUNA?

„Fyrirtækið sem ég vinn hjá núna, NTC, er með á annað hundrað starfsmenn, ég þekki ekki alla en ég myndi segja um 50% af þeim allavega. Svo hefur auðvitað myndast vínatta við viðskiptavinum sem koma reglulega til mín í verslunina.“

HVERNIG FINNST ÞÉR VERSLUNIN HAFA ÞRÓAST?

„Verslunin hefur tekið miklum breytingum á stuttum tíma með tilkomu internetsins. Það er varla til það fyrirtæki sem ekki er með heimasíðu í dag, svo ekki sé minnst á samfélagsmiðlana t.d. Facebook. Svo eru Instagram og Twitter að sækja töluvert á. Íslendingar eru mjög meðvitaðir og fljótir að aðlagast nýjum hlutum og nýta sér þá.“

HVERNIG ER STEMMNINGIN Í VERSLUN FYRIR JÓLIN?

„Hún hefur breyst mikið síðan 1990. Opnunartími verslana hefur tekið miklum breytingum á 25 árum. Hér áður var einhvern veginn meiri jólastemming í viðskiptavinum þegar opnunartíminn var styttri, kannski opið í þrjá daga til kl. 22:00 en á Þorláksmessu var alltaf tilhlökkun að hafa opið til 23:00. Núna eru opið frá 10:00 til 22:00 fyrir jólin í tólf daga. Ástandinu á manni



BREYTINGAR Á ÚTLEIGUREGLUM

VR á 44 orlofshús og íbúðir sem félagið leigir til félagsmanna sinna. Orlofshúsin eru víðsvegar um landið. Þá tekur félagið á leigu 15-20 hús á Íslandi yfir sumartímann og orlofshús í Danmörku sem félagsmönnum standa til boða. Ánægja hefur ríkt með orlofsþjónustu VR en markmiðið er að auðvelda félagsmönnum að njóta orlofs og hvíldar. Leitast er eftir fremsta megni að koma til móts við þarfir félagsmanna með bættri þjónustu.

SAMA VERÐ ÁRIÐ 2015

Leiguverð hefur verið óbreytt í nokkur ár og verður svo áfram.

NÝ HÚS TEKIN Í NOTKUN

Í ár voru tekin í notkun fimm ný hús í Miðhúsaskógi, 37m² að stærð, sem ætluð eru fyrir tvo til þrjá. Þessum húsum hefur verið mjög vel tekið og nýting þeirra hefur verið mjög góð. Þetta eru notaleg lítil hús með heitum potti, verönd og góðu útsýni. Ekki tekur langan tíma að þrifa þau í lok leigutímabils, áður en haldið er heim.

BREYTING Á REGLUM UM ÚTLEIGU ORLOFSHÚSA

Upphaflega var orlofshúsum VR úthlutað eftir punktakerfi þar sem lengd félagsaðildar réð mestu um það hver fékk leigt hús. Síðastliðin fjögur ár hefur verið notast við regluna „fyrstur bókar, fyrstu fær“ og hefur sú útfærsla gefist mjög vel. Þannig sitja allir við sama borð sama hversu lengi þeir hafa verið í félaginu. Nýlega var reglum breytt þannig að hægt er að bóka hús 4 mánuði fram í tímann.

Til að bæta þjónustuna enn frekar hefur verið ákveðið að gera breytingar á leigureglum á þann hátt að opnað verður fyrir skilgreind leigutímabil þrisvar sinnum á ári. Þannig hafa félagsmenn úr meiru að velja og geta pantað lengra fram í tímann. Þann **8. apríl kl. 10:00** verður opnað fyrir bókanir fyrir allt **sumarið 2015**.

Í þetta sinn verður opnað sólarhring seinna á samarbókanir húsa fyrir þá sem fengu úthlutað húsi að sumri 2013 og 2014, þegar opnað verður fyrir bókanir 8. apríl 2015.

OPNAÐ VERÐUR FYRIR ÚTHLUTUN ORLOFSHÚSA VR 2015 SEM HÉR SEGIR:

MIÐVIKUDAGINN 7. JANÚAR KL. 10.00

Opnað fyrir bókanir 27. mars – 30. apríl.

Fyrir húsin í Danmörku verður opnað fyrir allt tímabilið (apríl – október).

MIÐVIKUDAGINN 4. FEBRÚAR KL. 10.00

Opnað fyrir bókanir 30. apríl - 29. maí.

MIÐVIKUDAGINN 8. APRÍL KL. 10.00

Opnað fyrir bókanir 29. maí – 28. ágúst.

MIÐVIKUDAGINN 1. JÚLÍ KL. 10.00

Opnað fyrir bókanir 28. ágúst - 4. janúar 2016.

MIÐVIKUDAGINN 4. NÓVEMBER KL. 10.00

Opnað fyrir bókanir 4. janúar 2016 – 27. maí 2016.

Hægt er að bóka orlofshús á orlofsvef VR, www.vr.is



GÆLUDÝR HEIMILUÐ Í FLEIRI ORLOFSHÚSUM

Gæludýr verða heimiluð í fjórum húsum á orlofshúsasvæði VR í Miðhúsaskógi í eitt ár til reynslu. Þetta var ákveðið á fundi stjórnar orlofssjóðs í nóvember sl. Strangar kröfur verða gerðar til eigenda dýranna hvað varðar lausagöngu þeirra á svæðinu sem og þrif. Reglur þar að lútandi verða birtar í húsunum og á heimasíðu félagsins og hvetjum við gæludýraeigendur til að kynna sér þær vel áður en þeir leigja hús. Brot á reglum kann að varða brottrekstur af svæðinu.


Húsin sem um ræðir eru í fyrsta botnlanga þegar komið er inn á svæðið, þ.e.a.s. hús nr. 1 – 4. Þessi ráðstöfun er til reynslu í eitt ár frá og með apríl 2015 og verður auglýst nánar þegar nær dregur.

VIÐ GERÐUM KÖNNUN UM GÆLUDÝR

Gæludýr hafa verið heimiluð að takmörkuðu leyti í orlofshúsum félagsins en undanfarin ár hafa reglulega borist óskir frá félagsmönnum um að sú ákvörðun verði endurskoðuð. Kannaður var hugur félagsmanna til þess að heimila gæludýr í orlofshúsum félagsins. Niðurstaðan var sú að 47% svarenda voru hlynntir því að heimila þau í völdum húsum en 34% voru því andvígir.

Af þeim sem tóku þátt í könnuninni sögðust 37% eiga gæludýr. Mun fleiri gæludýraeigendur voru hlynntir því að heimila gæludýr í orlofshúsum en þeir sem ekki eiga dýr eða átta af hverjum tíu móti tæplega þriðjungi. Flestir sem voru andvígir gæludýrahaldi í orlofshúsum nefndu ofnæmi sem ástæðu en einnig nefndu margir óþrifnað.

Könnunin var gerð dagana 10. – 20. október 2014, að báðum dögum meðtöldum. Hún var send á úrtak úr félagaskrá VR, alls um 1.500 manns. Svarhlutfallið var 42%.



Er trúnaðarmaður á þínum vinnustað?

www.vr.is

Virðing
Réttlæti

VR

RÉTTINDI ÞÍN Í DESEMBER

Nú er mesta vinnutörn ársins að hefjast hjá verslunarfólki. Við viljum því minna á ýmis atriði sem lúta að réttindum og skyldum starfsmanna.



SKRÁNING VINNUTÍMA

Þegar mikið er að gera er góð vinnuregla að skrá niður vinnutíma sinn. Í mörgum tilvikum er um talsverða aukavinnu að ræða og mikilvægt að halda vel utan um tímaskráningu svo komast megi hjá misskilningi og mistökum við útreikning launa.

Þar sem flestar verslanir ráða tímabundið til sín skólafólk yfir háannatímann er einnig mikilvægt að hnykkja á þessu atriði við nýtt samstarfsfólk.



FRÍDAGAR YFIR HÁTÍÐARNAR

Ekki er vinnuskylda á þessum dögum og skulu launþegar halda sínum dagvinnulaunum óskertum. Auk þess má minna á að **fyrsta vinnudag eftir jól skal dagvinna í verslunum hefjast kl. 10.00.**

Eftir kl. 12.00 á aðfangadag (stórhátíðardagur).

Jóladagur (stórhátíðardagur).

Annar í jólum (almennur frídagur).

Eftir kl. 12.00 á gamlársgang (stórhátíðardagur).

Nýársdagur (stórhátíðardagur).



LAUN Á FRÍDÖGUM

Samþykki launþegar að taka að sér vinnu á frídögum skal greiða eftirvinnukaup (yfirvinnukaup ef vinna þessi er umfram 171,15 klst. hjá afgreiðslufólki) fyrir vinnu á almennum frídögum og stórhátíðakaup fyrir vinnu á stórhátíðadögum.

Kaupið reiknast þannig:

Eftirvinnukaup: 0,8235% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Yfirvinnukaup: 1,0385% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Stórhátíðarkaup: 1,375% af mánaðarlaunum fyrir dagvinnu.

Hefðbundin dagvinnulaun launþega í föstu og reglubundnu starfi haldast auk þess óbreytt.



DAGLEGUR HVÍLDARTÍMI

Á hverjum sólarhring á **starfsmaður rétt á 11 klst. hvíld**. Óheimilt er samkvæmt lögum að skipuleggja vinnu á þann hátt að vinnudagurinn sé lengri en 13 klst.

15. DESEMBER

Mínum á að desemberuppbót til félagsmanna VR skal greiddast ekki síðar en 15. desember. Desemberuppbót fyrir fullt starf á árinu 2014 er **kr. 73.600**.

Sjá reiknivél fyrir desemberuppbót á www.vr.is.



FRÁVIK OG FRÍTÖKURÉTTUR

Ef 11 klst. hvíld næst ekki, skal veita hana síðar. Þannig safnast upp svokallaður frítökuréttur. **Fyrir hverja klukkustund sem 11 tíma hvíldin skerðist um öðlast starfsmaður 1,5 klukkustund í dagvinnu í frítökurétt.**

Dæmi: Starfsmaður hefur störf kl. 08.00. Hann lýkur störfum kl. 23.00 og kemur aftur til vinnu kl. 08.00 daginn eftir. Samfelld hvíld á milli vinnudaga er einungis níu klst. Hvíldartími hefur þ.a.l. verið skertur um tvær klst. og öðlast viðkomandi starfsmaður því frítökurétt upp á 3 klst. fyrir vikið.

Undir öllum kringumstæðum er óheimilt að skerða 8 klst. samfellda hvíld.



VIKULEGUR FRÍDAGUR

Vinnu skal skipuleggja á þann hátt að hver starfsmaður fái a.m.k. einn vikulegan frídag. Ef starfsmaður er látinn vinna sjö daga í röð, á hann rétt á fríi á virkum degi í næstu viku á eftir, án skerðingar launa.



HELGARVINNA

Þegar unnið er á laugardögum og sunnudögum greiðist aldrei minna en fyrir **4 klukkustundir**, þótt unnið sé skemur.



MATAR- OG KAFFITÍMAR

Hádegismatartími: Á bilinu **1/2 til 1 klukkustund** (háð samkomulagi). Þessi matartími telst ekki til vinnutíma. **Starfsfólk þarf að vinna a.m.k. 5 klukkustundir** til að öðlast rétt til matartíma í hádeginu.

Kvöldmatartími: 1 klukkustund (á milli kl. 19.00 og 20.00) og telst til vinnutíma.

Ef kvöldmatartíminn eða hluti hans er unninn skal greiða þann hluta með tvöföldu kaupi. Réttur til kvöldmatartíma miðast við a.m.k. fjögurra og hálfra klst. vinnu.

Kaffitími: 35 mínútur á dag hjá afgreiðslufólki og **15 mínútur** hjá skrifstofufólki, miðað við fullan vinnudag. Er veitt í beinu hlutfalli við vinnutíma starfsfólks í hlutastörfum.

Ef unnið er lengur en til kl. 22.00 skal veita annan **20 mínútna** kaffitíma á tímabilinu kl. 22.00 - 22.20. Á **Þorláksmessu** er heimilt að veita þann kaffitíma á bilinu kl. 21.40 - 22.20.



VR - SKÓLI LÍFSINS

Í lok september 2014 hleypti VR af stokkunum VR - Skóla lífsins, netnámskeiði fyrir ungt fólk. Markmið VR - Skóla lífsins er að styrkja stöðu fólks á aldrinum 16 - 24 ára á vinnumarkaði og kynna því réttindi og skyldur í starfi. VR - Skóli lífsins stuðlar að auknu gagnsæi og þekkingu bæði í þágu starfsfólks og atvinnurekenda og er opinn öllum á aldrinum 16-24 ára óháð stéttarfélagi.

VR - Skóli lífsins er að stærstum hluta á netinu og er sérstaklega ætlaður ungmennum á aldrinum 16 – 24 ára, óháð stéttarfélagsaðild. VR - Skóli lífsins fjallar um réttindi og skyldur á vinnumarkaði með nýrri og skemmtilegri nálgun. Þátttakendur skrá sig í skólann og fylgjast með ungri stúlku taka sín fyrstu skref á vinnumarkaði. Hún lendir í ýmsum uppákomum, lærir leikreglur vinnumarkaðarins og hver réttindi hennar og skyldur eru. Nemendur fara með henni í gegnum ferlið og læra þannig hvað felst í þátttöku á vinnumarkaði. Lokabáttur netnámskeiðsins er verklegur tími með þjálfara frá Dale Carnegie þar sem farið er yfir sjálfstraust og samskipti. Að náminu loknu fá þátttakendur staðfestingu á að þeir hafi lokið VR - Skóla lífsins sem þeir geta látið fylgja með ferilskrá sinni þegar þeir sækja um starf.

VR - Skóli lífsins er alls í 14 þáttum þar sem stúlkunni, Líf, er fylgt eftir frá því hún leitar sér að vinnu þar til hún er orðin reynslunni ríkari og örugg í starfi. Ellefu þættir af þessum 14 eru með leiknum myndbrotum, tveir

með grafíklausnum og sá síðasti er heimsókn í VR í verklegan hluta. Verklegi hlutinn er aldursskiptur, 16-20 ára eru saman og 21-24 ára saman. Þjálfarar frá Dale Carnegie leggja verkefni fyrir þátttakendur og er áherslan á samskipti. Við skráningu greiða þátttakendur 2.500 kr. og geta ekki skráð sig í verklega hlutann fyrir en þeir hafa farið í gegnum alla þættina og leyst verkefni í lok hvers þáttar.

HVERJUM ÞÆTTI ER SKIPT UPP Í ÞRENT;

- Eitt myndbrot eða grafísk framsetning
- Upplýsingatexti um viðfangsefni viðkomandi þáttar
- Spurningar úr efninu.

Þátttakendur fylgja línulegu ferli. Þeir komast ekki áfram í náminu fyrir en þeir hafa lokið verkefnunum sem fylgja hverjum þætti fyrir sig. Ef þeir svara a.m.k. 75% spurninga rétt opnast aðgangur fyrir næsta þátt á eftir.



ÞÆTTIRNIR Í VR-SKÓLA LÍFSINS ERU EFTIRFARANDI (ALLIR NEMA SÁ SÍÐASTI ERU Á NETINU):

- Atvinnuleit
- Umsóknin
- Starfsviðtal
- Ráðning
- Stéttarfélag og samningar
- Starfslýsing
- Skyldur starfsmanna
- Uppsögn
- Vinnutími
- Skyldur vinnuveitenda
- Launaseðillinn
- Kynbundinn launamunur
- Ábyrgð
- Verklegi hlutinn

FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR

VR - Skóli lífsins er í fullu fjöri og hafa nú þegar um 150 manns lokið honum og fengið skírteini því til staðfestingar. Stéttarfélagin FVSA og Eining lðja á Akureyri sameinuðust með góðum árangri um að fá verklega hluta VR - Skóla lífsins norður til Akureyrar. Ungmennni á Akureyri og nágrenni höfðu því greiðari aðgang að verklega þættinum. Nokkur fyrirtæki hafa skráð sitt fólk á aldrinum 16 – 24 ára í VR - Skóla lífsins með góðum árangri. Um 100 manns eru þessa stundina í netnáminu og geta sótt verklega hluta námsins með því að skrá sig á auglýstan tíma fyrir verklega hlutann með Dale Carnegie þjálfara.

NÆSTU TÍMAR Í VERKLEGUM HLUTA

- 21. janúar 2015 kl.15.00
16-20 ára, Akureyri
- 21. janúar 2015 kl.17.15
21-24 ára, Akureyri
- 27. janúar 2015 kl.18.30
16-20 ára, Reykjavík
- 29. janúar 2015 kl.18.30
21-24 ára, Reykjavík
- 22. janúar 2015 kl. 14.00-16.00
16-20 ára, Egilsstaðir
- 22. janúar 2015 kl. 16.30-18.30
21-24 ára, Egilsstaðir

Verklegur hluti VR - Skóla lífsins verður að auki í Vestmannaeyjum í mars og einnig Reykjavík, á Akranesi í apríl og Reykjavík í byrjun júní.

Nánar á www.vrskolilifsins.is og á Facebook.

VR - SKÓLI LÍFSINS STYRKIR UNGA FÓLKIÐ!

Síðasti hlutinn í VR - Skóla lífsins er verklegur. Í honum koma nemendur saman í húsakynnum VR og fara í gegnum 90 mínútna Dale Carnegie námskeið. Anna Steinsen sér um námskeiðið en hún hefur rekið unglिंगastarfið hjá Dale Carnegie frá upphafi. Henni finnst frábært að vinna með ungu fólki og sérstaklega gefandi. Anna hvetur alla til að kynna sér VR - Skóla lífsins því hann styrkir og gerir ungt fólk enn öflugra. „Unga fólk er enn að mótast, það er ekki eins vanafast og eldra fólk og því móttækilegra fyrir nýrri þekkingu“, segir Anna.

HVAÐ KOM TIL AÐ DALE CARNEGIE VAR STOFNAÐ Á ÍSLANDI?

„Dale Carnegie námskeiðið var haldið á Íslandi í fyrsta skipti árið 1965. Konráð Adolphsson, viðskiptafræðingur, fékk þá einkaleyfi frá Dale Carnegie í Bandaríkjunum. Í dag hafa hátt í 20.000 Íslendingar útskrifast hjá Dale Carnegie. Í mars árið 2004 var fyrsta námskeiðið haldið fyrir ungt fólk og síðan þá hafa 4500 ungmenni útskrifast.“

HVER ER ÞINN BAKGRUNNUR?

„Ég er með BA próf í tómsunda- og félagsmálafræði frá Háskóla Íslands og hef mikinn áhuga á að starfa með ungu fólki. Ég starfaði m.a. í félagsmiðstöð í 5 ár og hef rekið unglिंगastarf Dale Carnegie frá byrjun eða frá mars 2004. Ég er mikil íþróttamanneskja, æfði handbolta, fótbolta og badminton í fjölda ára og því mikil keppnismanneskja. Í dag hef ég mikinn áhuga á jóga og heilsu almennt og legg mikið upp úr því að lifa heilbrigðu lífi. Ásamt því að starfa hjá Dale Carnegie er ég heilsumarkþjálfari og jóganámi.“

HVAÐ HEFUR ÞÚ UNNIÐ LENGI HJÁ DALE CARNEGIE?

„Ég hef starfað hjá Dale Carnegie í nær 11 ár.“

SÉRHÆFIR ÞÚ ÞIG Í SÉRSTÖKUM HÓPUM?

„Ég sérhæfi mig í að starfa með ungu fólki, þar liggur mín ástríða. Hluti af mínu starfi er að þjálfa þjálfara og huga að gæðamálum. Ég þjálfa einnig inni í fyrirtækjum, þjálfa hópa og einstaklinga.“

HVERNIG LÍST ÞÉR Á VR - SKÓLA LÍFSINS?

„Mér líst frábærlega á það. Ég man þegar ég fór fyrst út á vinnumarkaðinn þá var ég ekki að hugsa sérstaklega um mín réttindi. Nú finnst mér mjög mikilvægt að fólk almennt og ungt fólk sérstaklega sé meðvitað um réttindi sín.“

HVERNIG HEFUR VERKLEGI HLUTINN Í SKÓLANUM GENGIÐ?

„Það gekk mjög vel og almenn ánægja með þennan verklega hluta. Allir þátttakendur taka virkan þátt og eru meira meðvitaðir um sinn þátt í að skapa faglegt og gott vinnuumhverfi. Ég legg mikið upp úr því að þetta sé skemmtilegt en um leið fræðandi.“



HVAÐ ER UNGA FÓLKIÐ HELST AÐ TALA UM?

„Við erum meðal annars að ræða mannleg samskipti. Einblínum á það hvað við getum lagt af mörkum til að hlutirnir gangi vel. Við getum ekki breytt samstarfsfólki eða yfirmanni þó okkur langi oft til þess. Hins vegar getum við haft mikil áhrif á vinnuumhverfið með því að breyta okkar eigin viðhorfi. Það skiptir ekki máli hvort við erum á kaffistofunni að baktala viðskiptavini eða aðra í kringum okkur, allt hefur áhrif. Ef við kunnum að setja okkur mörk í mannlegum samskiptum, tökum afstöðu hvernig við ætlum að vera, þá farnast okkur betur. Við ræðum einnig líkams- og raddbeitingu og skoðum áhrif þess á umhverfið. Stundum gerum við okkur ekki grein fyrir því hvað fýlusvipur getur smitað út frá sér eða hvernig það er aftur á móti að vera í kringum þá sem eru jákvæðir og hressir.“


HVAÐ ER SKEMMTILEGAST VIÐ AÐ LEIÐA HÓPA UNGS FÓLKS?

„Mér finnst frábært að vinna með ungu fólki og ótrúlega gefandi. Það er enn í mótun og tilbúið að breyta sér og bæta á innan við korteri. Það er ekki eins vanafast og er oft sveigjanlegra en fullorðna fólk. Það er svo mikil orka, kraftur og gleði í ungu fólki, sem er svo smitandi.“

HVAÐ HEFUR KOMIÐ ÞÉR MEST Á ÓVART?

„Það hefur ekkert komið mér á óvart nema kannski af hverju var ekki búið að gera þetta fyrir löngu. Ég hefði viljað fara í gegnum VR - Skóla lífsins þegar ég var ung því þetta gerir mann ennþá öflugri á vinnumarkaðnum.“

EITTHVAÐ AÐ LOKUM?

„Ég hvet alla til þess að kynna sér VR - Skóla lífsins. ALLIR geta lært eitt-hvað á þessu. Bæði styrkir þetta kunnáttu þína og gerir þig að enn betri starfsmanni. Um leið og þú ert með fleiri tæki og tól í verkfærabeltinu þá styrkir það þig bæði í persónulegu lífi og á vinnumarkaði.“ 



VR - SKÓLI LÍFSINS ER HLUTI AF FRÆÐSLUSTEFNU A4

Alfa Lára Guðmundsdóttir, mannauðsstjóri hjá A4, er mjög ánægð með þátttöku fyrirtækisins í VR - Skóla lífsins sem nú er hluti af fræðslustefnu fyrirtækisins. Allt starfsfólk á aldrinum 16-24 ára fer í gegnum námskeiðið.

HVERSU MARGIR STARFSMENN STARFA HJÁ YKKUR Á ALDURSBILINU 16-24 ÁRA?

Núna starfa hjá okkur tæplega 30 starfsmenn á aldrinum 16-24 ára, sumir í hlutastörfum. Þeir starfa flest allir í verslunum okkar víðsvegar um landið en A4 rekur verslanir í Smáralind, Skeifunni, Hafnarfirði, Akureyri, Egilsstöðum og Selfossi.

HVAR FRÉTTUÐ ÞIÐ FYRST AF VR - SKÓLA LÍFSINS?

Við sáum hann fyrst auglýstan og auglýsingarnar vöktu áhuga okkar, enda mjög skemmtilegar og grípandi. Í kjölfarið fórum við á kynningu hjá Samtökum verslunar og þjónustu, SVP, þar sem skólinn var kynntur.

HVAÐ VAKTI ATHYGLI YKKAR VARÐANDI SKÓLANN?

Okkur fannst þetta skemmtileg nálgun á efninu, stutt myndbönd og spurningar í kjölfarið. Einnig fannst okkur mikilvægt að unga fólkið væri upplýst um réttindi sín og einnig skyldur. Hvað varðar verklega hluta skólans er mjög mikilvægt að ungt fólk á þessum aldri sé meðvitað um sjálf sig og hafi gott sjálfstraust. Að hafa námskeið hjá Dale Carnegie sem lokahnykk á VR - Skóla lífsins er mjög gott og mikilvægt fyrir þennan aldursþóp. Við viljum að starfsfólk okkar sé með gott sjálfstraust og að því líði vel í vinnunni.

HVERNIG FÓRUÐ ÞIÐ AÐ ÞVÍ AÐ NÁLGAST STARFSMENN Á ÞESSUM ALDRI HJÁ FYRIRTÆKINU OG BJÓÐA ÞEIM ÞÁTTTÖKU?

Við kynntum verkefnið fyrst fyrir þeim starfsmönnum sem námskeiðið er ætlað og síðar fyrir öðrum. Við teljum mikilvægt að allir starfsmenn séu meðvitaðir og þekki til verkefnisins þar sem námskeiðið er nú orðið hluti af fræðslustefnu fyrirtækisins.

HVERNIG VIÐBRÖGÐ FENGUÐ ÞIÐ FRÁ UNGUM STARFSMÖNN- UM YKKAR VARÐANDI AÐKOMU YKKAR AÐ VERKEFNINU?

Við fengum mjög jákvæð viðbrögð og margir höfðu orð á því að sumt sem farið er yfir á námskeiðinu, eins og til dæmis að lesa launaseðla, ætti að vera kennt í grunnskólum. Við tókum þá ákvörðun að námskeiðið væri ekki valkvætt heldur leggjum við mikla áherslu á að allir á aldrinum 16 - 24 ára sem starfa hjá fyrirtækinu ljúki því. Við borgum námskeiðsgjaldið og greiðum öllum starfsmönnum laun á meðan á því stendur.

HVERNIG HAFU VIÐBRÖGÐ ÞÁTTTAKENDA VERIÐ?

Þau hafa verið mjög góð. Allir eru jákvæðir og þeim hefur fundist þetta bæði fræðandi og skemmtilegt. Þeim hefur þótt verklegi hlutinn mjög skemmtilegur þar sem efnið var tekið fyrir. Eins hafa þau talað um hversu skemmtilegur sá sem stýrði verklega hlutanum var. [VR](#)



GUÐMUNDUR SNÆR SIGURJÓNSSON 23 ÁRA

STARF/SKÓLI

Ég er sjóðsstjóri hjá Hagkaupi í Spönginni.

HVERNIG FANNST ÞÉR VR - SKÓLI LÍFSINS?

Mér finnst þetta námskeið, VR-Skóli lífsins sem er á netinu, algjör snilld.

HVERNIG NÁÐU MYNDBÖNDIN TIL ÞÍN?

Mér fannst þau vera mjög fræðandi og skemmtileg.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ VINNA VERKEFNIN Á NETINU?

Mér fannst verkefnið vera fín, það var ekkert sem maður var í vandræðum með. Spurningarnar voru mjög auðveldar.

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR VERIÐ Í SVIPUÐUM SPORUM OG LÍF?

Já, ég var sjálfur í svipuðum sporum og líf þegar ég var að fara á vinnu-
markaðinn og það eru örugglega fleiri.

ERTU ÖRUGGARI VARÐANDI RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR Á VINNUMARKAÐNUM EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Í GEGNUM SKÓLANN?

Þetta efni er ekki kennt í skóla en allir þurfa að kunna það og þekkja. Eftir
að hafa farið í gegnum þetta þá er ég mun öruggari varðandi þessi mál.

FINNST ÞÉR SKIPTA MÁLI AÐ UNGT FÓLK SÉ MEÐVITAÐ UM RÉTTINDI SÍN OG SKYLDUR?

Já, mér finnst það skipta mjög miklu máli.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ HITTA RÁÐGJAFNA FRÁ DALE CARNEGIE?

Verklegi parturinn, Dale Carnegie námskeiðið var aðalmálið að mínu mati. Sá partur var skemmtilegur og með hliðsjón af framtíðar eða núverandi
vinnustað einstaklings; hvernig hægt er að bæta sig í samskiptum við
samstarfsmenn og viðskiptavinum, hverju atvinnurekandi má búast við af
starfsmanni og öfugt.

HVAÐ HELDUR ÞÚ AÐ MUNI NÝTAST ÞÉR BEST AF EFNINU Í SKÓLANUM?

Ég mun klárlega geta nýtt mér þetta allt.

HVAÐ ER ÞAÐ, AÐ ÞÍNU MATI, SEM STENDUR UPP ÚR?

Dale Carnegie námskeiðið stóð upp úr að mínu mati. Það fær mann til
að átta sig á ýmsum hlutum sem maður getur gert betur og útskýrir á
einfaldan hátt hvernig maður getur gert sjálfan sig að betri manneskju.

MYNDIR ÞÚ MÆLA MEÐ VR - SKÓLA LÍFSINS?

Já ég mæli hiklaust með VR - Skóla lífsins og hvet alla að fara í gegnum þetta.



SARAH CASSATA 23 ÁRA

STARF/SKÓLI

Verslunarstjóri í NikeVerslun.is

HVERNIG FANNST ÞÉR VR - SKÓLI LÍFSINS?

Áhugaverður og algjör nauðsyn fyrir ungt fólk sem þekkir ekki alla króka
og kima vinnu-
markaðsins

HVERNIG NÁÐU MYNDBÖNDIN TIL ÞÍN?

Myndböndin eru hressandi og gefa skemmtilega sýn á vinnu-
markaðinn. Þau eru stutt og hnitmiðuð og á tungumáli sem að við unga fólk
skiljum.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ VINNA VERKEFNIN Á NETINU?

Mér fannst þau þægileg og skemmtilega uppsett.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ LESA YFIR TEXTANN?

Mér fannst gott að hafa textann með og betra að lesa hann á undan
myndbandinu. Þá vissi ég hvað var verið að fókusa á í myndbandinu.

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR VERIÐ Í SVIPUÐUM SPORUM OG LÍF?

Já það eru alltaf einhverjir sem hafa ekki réttindi sín á hreinu.

ERTU ÖRUGGARI VARÐANDI RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR Á VINNUMARKAÐNUM EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Í GEGNUM SKÓLANN?

Ég get ekki beint sagt það enda alltaf verið svo lánsöm að eiga greiðan
aðgang að upplýsingum annaðhvort í gegnum vinnuveitendur eða VR.

FINNST ÞÉR SKIPTA MÁLI AÐ UNGT FÓLK SÉ MEÐVITAÐ UM RÉTTINDI SÍN OG SKYLDUR?

Já algjörlega.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ HITTA RÁÐGJAFNA FRÁ DALE CARNEGIE?

Skemmtilegt og fræðandi. Það er mjög margt í mannlegum samskiptum
sem við unga fólk þurfum að bæta okkur í og því er alveg frábært að
hafa lokaskrefið svona og hrista aðeins upp í okkur.

HVAÐ HELDUR ÞÚ AÐ MUNI NÝTAST ÞÉR BEST AF EFNINU Í SKÓLANUM?

Í rauninni fannst mér enginn einn hluti mikilvægari en aðrir og því mun
námskeiðið í heild nýtast mér.

HVAÐ ER ÞAÐ, AÐ ÞÍNU MATI, SEM STENDUR UPP ÚR?

Lokaskrefið með ráðgjafanum. Það var algjörlega frábært!

MYNDIR ÞÚ MÆLA MEÐ VR - SKÓLA LÍFSINS?

Hiklaust. Fyrir alla sem eru að færa sig út á vinnu-
markaðinn og sem
upprifjun fyrir þá sem telja sig þekkja starfsemi VR, réttindi og skyldur.



ÞÓRÐUR JÓNSSON 18 ÁRA

STARF/SKÓLI?

Ég er í Menntaskólanum í Reykjavík. Á sumrin hef ég unnið í fiski og í búð á Egilsstöðum. Svo var ég líka að vinna á kaffihúsi.

HVERNIG FANNST ÞÉR VR - SKÓLI LÍFSINS?

Mér fannst hann mjög góður og skemmtilegt að horfa á myndböndin.

HVERNIG NÁÐU MYNDBÖNDIN TIL ÞÍN?

Þau voru bæði skemmtileg og fræðandi. Það var margt sem kom fram í þeim sem ég hafði ekki hugmynd um.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ VINNA VERKEFNIÐ Á NETINU?

Það er frábært að fara í gegnum næstum því allt námskeiðið á netinu. Það var líka svo frábært að geta tekið það þegar manni hentaði.

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR VERIÐ Í SVIPUÐUM SPORUM OG LÍF?

Já, örugglega flest allir vinir mínir. Það eru margir sem kunna ekki að lesa launaseðlana og kíkja ekkert á þá.

ERTU ÖRUGGARI VARDANDI RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR Á VINNUMARKAÐNUM EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Í GEGNUM SKÓLANN?

Já, ég er miklu öruggari með réttindi mín og skyldur núna. Það var margt sem kom fram sem ég hafði ekki hugmynd um.

FINNST ÞÉR SKIPTA MÁLI AÐ UNGT FÓLK SÉ MEÐVITAÐ UM RÉTTINDI SÍN OG SKYLDUR?

Það skiptir miklu máli að fólk þekki réttindi sín og skyldur. Ungt fólk veit lítið um þessi mál og kannski festast margir unglingar í unglingavinnunni, vantar kjarkinn til að sækja um vinnu og vita kannski ekki hvað þeir eiga að sækja um.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ HITTA RÁÐGJAFA FRÁ DALE CARNEGIE?

Lokaskrefið á námskeiðinu var alveg frábært. Það eru bara svo margir sem þora ekki að standa upp og tala þannig að allir hafa gott hafa af þessu.

HVAÐ HELDUR ÞÚ AÐ MUNI NÝTAST ÞÉR BEST AF EFNINU Í SKÓLANUM?

Það er margt sem ég mun nýta mér; framkoman sem ég lærði og allar reglurnar um skyldur og svo réttindi mín. Þetta efni mun nýtast mér alla ævi.

HVAÐ ER ÞAÐ AÐ ÞÍNU MATI SEM STENDUR UPP ÚR?

Gerð námskeiðsins stendur upp úr. Þetta er ekki leiðinlegt fyrirlestrarform, þetta er skemmtilegt, áhugavert og heldur manni vakandi allan tímann.

MYNDIR ÞÚ MÆLA MEÐ VR - SKÓLA LÍFSINS?

Alveg hiklaust, ég er nú þegar búin að mæla með skólanum við marga sem ég þekki. Ég vissi bara ekki að VR væri svona skemmtilegt.



TANJA MAREN KRISTINSDÓTTIR 18 ÁRA

STARF/SKÓLI

Nemandi í Menntaskólanum í Kópavogi og starfsmaður hjá Sambíóunum.

HVERNIG FANNST ÞÉR VR - SKÓLI LÍFSINS?

Mér fannst hann mjög skemmtilegur og fræðandi.

HVERNIG NÁÐU MYNDBÖNDIN TIL ÞÍN?

Þau náðu vel til mín, þau voru stutt og það var mikill húmor í þeim sem gerði þau svo skemmtileg.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ VINNA VERKEFNIÐ Á NETINU?

Mér gekk vel með verkefnið á netinu og fannst þau mjög fín.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ LESA YFIR TEXTANN?

Mér fannst frekar auðvelt að lesa yfir textann.

ÞEKKIR ÞÚ EINHVERN SEM HEFUR VERIÐ Í SVIPUÐUM SPORUM OG LÍF?

Já ég á eina vinkonu sem hefur verið í svipuðum sporum og hún.

ERTU ÖRUGGARI VARDANDI RÉTTINDI ÞÍN OG SKYLDUR Á VINNUMARKAÐNUM EFTIR AÐ HAFA FARIÐ Í GEGNUM SKÓLANN?

Já ég er miklu öruggari vegna þess að ég lærði um réttindi sem ég hef á vinnumarkaðnum sem ég hafði ekki hugmynd um að ég hafði.

FINNST ÞÉR SKIPTA MÁLI AÐ UNGT FÓLK SÉ MEÐVITAÐ UM RÉTTINDI SÍN OG SKYLDUR?

Já, mér finnst það skipta mjög miklu máli.

HVERNIG FANNST ÞÉR AÐ HITTA RÁÐGJAFA FRÁ DALE CARNEGIE?

Mér fannst lokaskrefið það skemmtilegasta við skólann. Það var svo gaman að hitta aðra krakka og kynnast nýju fólki. Einnig lærði ég margt af því að hitta ráðgjafann frá Dale Carnegie sem var mjög fyndinn og skemmtilegur.

HVAÐ HELDUR ÞÚ AÐ MUNI NÝTAST ÞÉR BEST AF EFNINU Í SKÓLANUM?

Það sem mun nýtast mér best af efniinu í skólanum er litli bæklingurinn sem ég fékk á námskeiðinu. Í honum eru allskonar reglur um hvernig maður á að haga sér í vinnunni og hvernig á að koma fram við kúnna og samstarfsfólk.

HVAÐ ER ÞAÐ AÐ ÞÍNU MATI SEM STENDUR UPP ÚR?

Það sem stendur mest upp úr er hversu skemmtilegt og fræðandi námskeiðið er og hvað er gaman að hafa fengið að upplifa þetta.

MYNDIR ÞÚ MÆLA MEÐ VR - SKÓLA LÍFSINS?

Já ég myndi klárlega mæla með VR - Skóla lífsins og finnst mér að allir unglingar ættu að kynna sér hann.

SLYSATRYGGINGAR LAUNAMANNA Í KJARASAMNINGUM

Samkvæmt kjarasamningum eiga allir launamenn að vera slysatryggðir í vinnu og á eðlilegri leið til og frá vinnu, sem og í ferðum á vegum atvinnurekanda og starfsmannaferðum. Atvinnurekendur kaupa tryggingar hjá tryggingafélögum. Ef launamenn verða óvinnufærir eru greiddir slysadagpeningar, valdi slysið varanlegum líkamlegum skaða eru greiddar örorkubætur (læknisfræðileg örorka – miski, eingreiðsla) og einnig eru greiddar dánarbætur ef slysið leiðir til dauða. Allar bótafjárhæðir eru vísitölutengdar.

Atvinnurekendur greiða einnig tryggingagjald til Sjúkratrygginga Íslands sem greiðir örorku ef hún er metin yfir 10%, endurgreiðir lækniskostnað, lyf og endurhæfingu (sjúkraþjálfun), gegn framvísun á frumritum reikninga. Vegna lyfja þarf að leggja fram kvittanir með heiti lyfjanna og kennitölu hins slasaða og fæst þá reikningurinn endurgreiddur að fullu. Kostnaður vegna vinnuslysa fer ekki upp í afsláttarkort þar sem hann á að greiðast að fullu. Fylla þarf út sérstakt eyðublað hjá Sjúkratryggingum Íslands, sjá nánar á heimasíðu Sjúkratrygginga Íslands, www.sjukra.is.

Samkvæmt skilmálum slysatrygginga launþega, sem er skyldutrygging og atvinnurekandi kaupir hjá tryggingafélögum, er ekki greiddur lögmanskostnaður. Mikilvægt er því að launamenn hafi það í huga að þeir þurfa að greiða lögmönnum þeirra vinnu.

HVERNIG BER MAÐUR SIG AÐ?

Þú þarft að sjá til þess að atvinnurekandi upplýsi þig um tryggingafélag sitt og þangað þurfið þið, atvinnurekandinn og þú, að tilkynna slysið þitt. Ef þú brotnar, brákast, færð höfuðhögg, tognar, skerð í sundur taugar eða sínar eða slasast enn alvarlegar, verður atvinnurekandi strax að fá upplýsingar um slysið. Atvinnurekanda ber skylda til að kalla til lögreglu og Vinnueftirlit ríkisins til að rannsaka slysið. Rannsóknin er nauðsynleg til að ganga úr skugga um að öryggi á vinnustaðnum sé í lagi og hverjar orsakir slyssins voru.

Ef slysið leiðir til óvinnufærni þinnar átt þú rétt á greiðslu slysauna frá atvinnurekanda í 3 mánuði, við það bætist veikindaréttur samkvæmt kjarasamningum. Ef þú ert enn óvinnufær eftir það áttu rétt á slysadagpeningum úr slysatryggingu launþega og slysadagpeningum hjá Sjúkratryggingum Íslands. Bótatími í kjarasamnings-



RANNEIG
SIGURÐARDÓTTIR

» Hvers vegna er verið að skerða bætur til launamanna þó þeir hafi náð 50 ára aldri? Eru þeir atvinnurekendur minni virði? «

tryggingunum eru 37 vikur frá tryggingafélaginu en 52 vikur hjá Sjúkratryggingum Íslands.

SKERÐING VEGNA ALDURS

Í kjarasamningi launamanna innan Alþýðusambandsins við Samtök Atvinnulífsins eru skerðingarákvæði. Þar stendur: „Örorkubætur skulu jafnframt taka mið af aldri tjónþola á slysadegi þannig að bætur lækki um 2% fyrir hvert aldursár eftir 50 ára aldur.“ Atvinnurekandi tryggir ákveðinn fjölda vinnuvikna í samræmi við starfsmannafjölda. Á bak við trygginguna eru ekki nöfn eða aldur starfsmanna.

DÆMI UM UPPGJÖR:

Launamaður slasast í desember 2012 og árið 2014 er orðið tímabært að meta hann til læknisfræðilegrar örorku (miska). Bótafjárhæð kjarasamningsins, miðað við 100% örorku, var á slysadegi kr. 16.164.119. Þegar búið er að uppfæra fjárhæðina með vísitölu miðað við greiðsludag er heildarfjárhæðin kr. 17.047.558. Launamaðurinn var metinn til 10% örorku (miska) og reiknast það hlutfall af heildarfjárhæðinni sem verður þá kr. 1.704.755 sem 49 ára einstaklingur fengi að fullu. Launamaðurinn sem var 52 ára á slysdagi fær hins vegar skerta greiðslu um 4%, þannig að útborgun er kr. 1.631.531.

HVAR ER RÉTTLÆTIÐ?

Ég spyr: Hvers vegna er verið að skerða bætur til launamanna þó þeir hafi náð 50 ára aldri? Eru þeir atvinnurekendur minni virði? Ég hef alltaf verið mjög á móti þessari skerðingu og tel hana brjóta í bága við 65.gr. stjórnarskrár Íslands, það er jafnræðisreglu hennar. Það ættu allir að vera jafnir á vinnumarkaði, hvort sem þeir vinna hjá einkafyrirtæki eða ríki og bæ. Þessari skerðingu er ekki beitt í samningum opinberra starfsmanna. Einnig hef ég gagnrýnt að bótatími slysadagpeninga var stytur úr 52 vikum í 37 vikur í samningum sem undirritaðir voru árið 2008. Mér er spurn: Ef launamaður hefur ekki náð heilsu eftir vinnuslys innan 37 vikna frá slysdagi, hvert skal hann leita bóta? Hans eini möguleiki er að leita til sjúkrasjóðs stéttarfélagssins og takmarka með því réttindi sín. Hvað ef hann veikist síðan í kjölfar slyssins? Þá á hann skertan, eða jafnvel engan, rétt úr sjúkrasjóðnum sínum. Er það réttlæti? Nei, ekki að mínu mati. Þetta þarf að leiðrétta við gerð næstu kjarasamninga.

ÁHRIF LAUNA Á VERÐLAG

Þegar kemur að kjarasamningum virðast allflestir hagfræðingar tala um að of miklar hækkanir launa leiði til verðbólgu. Kjarasamningar á miðju ári 2011 eru sagðir hafa orsakað verðlagshækkunir en verðbólga fór hæst í 6,5% í janúar 2012. Það er fróðlegt að skoða hvaða undirliðir vísitölu neysluverðs voru að hækka á þessum tíma og íhuga í leiðinni áhrif launa á þá undirliði.

Í júní 2011 fengu launamenn sem starfa samkvæmt samningum ASÍ, 4,25% hækkun launa auk 50 þúsund króna eingreiðslu. Í júní 2011 var verðbólga þegar komin í 4,2% og hafði hækkað úr 1,8% í janúar sama ár. Verðbólgan var því farin að hækka töluvert áður en kjarasamningsbundna hækkunin kom til.

Helstu áhrifavaldar voru eftirfarandi:

- Rafmagn og hiti hækkaði um 20% í október 2010 og hélt áfram að hækka á árinu 2011.
- Önnur opinber þjónusta á borð við sorphreinsun og holræsi hækkaði töluvert í janúar 2011 eða um 10-20%.
- Gisting hækkaði einnig mikið í maí 2011 eða um 15,4%.
- Rekstarkostnaður ökutækja var byrjaður að hækka nokkuð í upphafi árs 2011 er þar spiluðu inn í auknar álögur á borð við hækkun vörugjalda á bensín og olíugjald. Vegna mikillar hækkunar á olíu á heimsmarkaðsverði hækkaði benísín töluvert í mars/apríl 2011.
- Undirvísitalan „flutningar“ hækkaði einnig mikið í maí og júní 2011 en hækkunin í maí orsökduðust vegna hækkunar á fargjaldi leigubifreiða og flugfargjalda innan- og utanlands en þær hækkunir má m.a. rekja til hækkunar olíuverðs. Einnig hækkaði gjaldskrá Strætó bs. í janúar 2011 um 13,9% og um 12,3% í október 2011.
- Gisting hélt svo áfram að hækka í september 2011, hækkunin nam 19,3% m.v. sama mánuð árið á undan.
- Krónan byrjaði að veikjast í lok árs 2010 og hélt því áfram fram á fyrsta ársfjórðung 2012

Upptalningin hér að ofan er ekki tæmandi fyrir þá þætti sem hækkuðu á árinu 2011. Helstu áhrifavaldar eru taldir upp og er nokkuð óljóst hvar 4,25% kjarasamningsbundna launahækkun auk eingreiðslu í júní 2011 kemur við sögu sem megin áhrifavaldur ofangreindra hækkana. Margar af undirvísitölunum voru þegar byrjaðar að hækka töluvert áður en til launahækkunarinnar kom auk þess að vera



VIÐAR INGASON
HAGFRÆÐINGUR VR

» Ef samið yrði um 5% launahækkun og hlutfall launa og tengdra gjalda af heildarkostnaði fyrirtækis væri 20% þyrfti vöruverð fyrirtækisins ekki að hækka um nema 1%.«

algjörlega óháðar launum á Íslandi líkt og heimsmarkaðsverð á olíu.

HVAÐ ERU LAUN?

Í hagfræðinni er því oft haldið fram að vinnuafli sé eins og hver önnur vara. Hækkun á olíuverði, kaffi, lyfjum o.fl. þýðir hækkun vísitölu neysluverðs. Hins vegar er ekki hægt að heimfæra hækkun verðs á vinnuafli á aukna verðbólgu líkt og með aðrar vörur. Ástæðan liggur í umtalsverðum mun á „vörunni“ vinnuafli og t.d. kaffi. Við hækkun launa eykst vissulega kostnaður fyrirtækja þar sem aðföngin vinnuafli hækka í verði. Ef framleiðni hefur ekki aukist (þ.e. hversu mikið af vöru og þjónustu er framleitt á hverri klukkustund) og fyrirtæki vilja halda í sama hagnað er sagt að eina leiðin sé að hækka vöruverð. Það er einkum tvennt sem orsakar það að hækkun launa þurfi ekki að leiða til aukinnar verðbólgu.

Fyrri ástæðan er sú að laun vinnufólks er lítið annað en einkaneysla þó vissulega fari ákveðið hlutfall launa í sparnað hjá þeim sem hærri launin hafa. Einkaneysla, þ.e. kaup heimila á vörum og þjónustu, eru svo tekjur fyrirtækja. Ísland er ekki sjálfu sér nægt og því mikið af vörum innfluttar eða um 40%. Launahækkunir geta því auknið innflutning sem gæti leitt til veikingar á gengi krónunnar og þannig hækkunar verðlags. 4,25% launahækkun mun þó aldrei leiða til það mikillar veikingar á gengi krónunnar að verðlag hækki einnig um 4,25%.

Seinni ástæðan er að hlutfall launa og tengdra gjalda í heildarkostnaði fyrirtækis skiptir einnig máli. Ef samið yrði um 5% launahækkun og hlutfall launa og tengdra gjalda af heildarkostnaði fyrirtækis væri 20%, þyrfti vöruverð fyrirtækisins ekki að hækka um nema 1%, þó að því gefnu að sala fyrirtækisins aukist ekki þrátt fyrir aukna neyslu heimilanna í kjölfar launahækkana. Fæst fyrirtæki framleiða við 100% afkastagetu og því er auðvelt að mæta aukinni eftirspurn með aukinni framleiðslu þ.e. aukin eftirspurn þarf ekki að hækka verðlag.

Það er nauðsynlegt að tala um hlutina eins og þeir eru og skella ekki skuldinni á einn þátt af fjölmörgum sem geta haft áhrif á verðlag. Þó óhóflegar launahækkunir, hverjar sem þær eru, geti haft áhrif á verðbólgu er ljóst að þáttur 4,25% launahækkunar í júní 2011 átti sáralítinn þátt í 6,5% verðbólgu í janúar 2012. ^{VR}

VERSLUNARFÓLK Á RÉTT Á ÖRUGGU OG GÓÐU STARFSUMHVERFI

Innan VR er aukin umræða um öryggismál og vinnuáætlun starfsmanna í verslunum. VR hefur lengi gagnrýnt vinnuálag og langan vinnutíma verslunarfólks í tengslum við jólaverslunina og áréttað réttindi starfsmanna með auglýsingum sem vakið hafa mikla og verðskuldaða athygli. VR blaðinu lék forvitni á að vita meira um málið og leitaði til Halldórs Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóra ASÍ, en hann er annar fulltrúi verslunarmanna sem unnið hefur að málinu.

Á síðustu árum hefur athyglin beinst í vaxandi mæli að öryggi og vinnuskilyrðum félagsmanna VR sem starfa einir við afgreiðslustörf. Einnig í verslunum sem eru opnar á kvöldin og jafnvel allan sólarhringinn. Þetta verslunarfolk vinnur við aðstæður sem kalla á sérstaka aðgát og gerir ríkar kröfur til atvinnurekenda þegar kemur að öryggi starfsmanna. Í bókun með kjarasamningum verslunarmanna var ákveðið að fjallað skildi sérstaklega um stöðu og réttindi þessara starfsmanna og gera tillögur um úrbætur.

ÓGNANDI HEGÐUN, HÓTANIR OG RÁN

Segðu okkur í hverju verkefni ykkar felst og hver eru helstu úrlausnarefni?

„Í starfi okkar höfum við rætt við fjölmarga aðila sem koma að öryggis- og aðbúnaðarmálum verslunarfólks, bæði þar sem verslunarmenn starfa einir í verslunum og þar sem verslanir eru opnar um kvöld og nætur. Niðurstaða okkar er að úrlausnarefnið sem taka þarf á sé tvíþætt:

Annars vegar að fjalla um og gera tillögur er snúa almennt að starfsaðstæðum þess verslunarfólks sem er eitt við vinnu a.m.k. hluta starfstímans og þá sérstaklega utan hefðbundins opnunartíma verslana.

Hins vegar að fjalla sérstaklega um og gera tillögur er lúta að öryggismálum starfsmanna verslana og þjónustufyrirtækja í tengslum við hótanir, rán og/eða ofbeldi af hálfu viðskiptavina.“

GLÆPAGENGI Í ÍSLENSKUM VERSLUNUM

Þú nefnir að þið hafið skoðað sérstaklega öryggismál í tengslum við hótanir og ofbeldi viðskiptavina. Hvað leiddi það í ljós?

„Starf okkar þróaðist fljótt út í það að fjalla einkum um þann þátt sem varðar ógnandi hegðun og hótanir utanaðkomandi, rán og ofbeldi. Þessi mál hafa mjög verið í kastljósinu undanfarið, m.a. vegna ítrekaðra ofbeldisverka og rána og þau voru mjög hugleikin öllum þeim aðilum sem við ræddum við. Samkvæmt upplýsingum þeirra sem vinna að öryggismálum í og fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki má skipta þeim sem ógna öryggi starfsmanna í eftirtalda hópa:

Í fyrsta lagi má nefna einstaklinga sem stunda búðarhnúpl. Hér getur bæði verið um að ræða unglunga og fullorðið fólk. Almennt eru þessir aðilar tiltölulega hættulitlir. Þeir fara leynt með fyrirætlanir sínar og hafa hvorki í frammi ógnandi hegðun eða hótanir við starfsfólk. Hættan er helst sú að þeir geta snúist til varnar og sýnt ofbeldisfulla hegðun þegar þeir eru staðnir að verki og eru að forða sér.

Í öðru lagi hefur færst í vöxt á undanföllum árum að skipulögð glæpagengi stundi rán í verslunum hér á landi. Nokkur slík mál hafa komist í fjölmörg en þau eru miklu fleiri sem það gera ekki. Bæði er um að ræða íslensk og útlend glæpagengi sem fara með skipulögðum

hætti í ránsferðir í verslanir. Aðferðin er gjarnan sú að hluti hópsins fangar athygli starfsmanna á meðan hinir láta greipar sópa. Þessi gengi eru vopnuð hnífum og bareflum og grípa til ógnana og ofbeldis gagnvart starfsmönnum ef þau telja sig þurfa það.

Hvað varðar útlendu glæpagengin þá hirða þau oft ekkert sérstaklega um það að fara með leynd heldur sýna strax í upphafi ógnandi hegðun og hóta starfsmönnum ef þeir gera sig líklega til að reyna að hindra þau. Þessi hegðun byggir á því að meðlimir gengjanna eru að störfum hér á landi aðeins í stuttan tíma í einu og óttast lítið handtöku.

Í þriðja hópnum eru svo fíkniefnaneytendur í fráhrarfi sem annað hvort eru að leita að verðmætum til að geta fjármagnað neyslu sína eða vímugjöfum. Þessir einstaklingar eru sérstaklega óútreiknanlegir og hættulegir enda oft viti sínu fjær.“

SKIPULAG OG FRÆÐSLA SKIPTA SKÖPUM

Hvernig á starfsfólk að bregðast við ef það lendir í framangreindum aðstæðum?

„Sérfræðingar leggja allir áherslu á, að þegar kemur að ránum og mögulegu ofbeldi, sé það meginatriði að starfsmenn setji sig ekki í neina hættu og forði sér ef svo ber undir. Þeir benda á að mikilvægt sé að þjálfar starfsmenn í því hvernig bregðast eigi við í slíkum aðstæðum og



TILLAGNA UM ÚRBÆTUR AÐ VÆNTA

Hvað leggið þið til að gert verði til að bæta aðstæður og auka öryggi verslunarfólks?

„Endanlegar tillögur liggja ekki fyrir en ég vænti þess að hópurinn skili af sér á næstu vikum. Þó virðist mér full samstaða um eftirfarandi þætti:

Í fyrsta lagi að vekja athygli verslunar- og þjónustufyrirtækja á skyldum þeirra gagnvart starfsmönnum skv. lögum og kjarasamningum og auðvelda þeim að uppfylla þessar skyldur sínar. Það verði gert með kynningarefni auk þess sem Vinnueftirlitið gefi út sérstakan gátlista vegna öryggis starfsfólks í verslunum, þar sem farið er yfir helstu þætti málsins og leiðbeint um góða framkvæmd.

Í öðru lagi verði í næstu kjarasamningum samið um og útfærð réttindi og verklag varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi starfsmanna í verslunum og þjónustufyrirtækjum sem starfa hluta af vinnutíma sínum einir.

Í þriðja lagi verði unnið handhægt upplýsingaefni og leiðbeiningar um öryggismál og viðbrögð við ógnandi hegðun og ránum fyrir atvinnurekendur og starfsmenn í verslunum. Þá verði búið til stutt námskeið fyrir starfsfólk um varnir og viðbrögð við ógnandi hegðun og ránum og það jafnframt sett á vefinn.” ^{VR}


» Sérfræðingar leggja allir áherslu á, að þegar kemur að ránum og mögulegu ofbeldi, sé það meginatriði að starfsmenn setji sig ekki í neina hættu og forði sér ef svo ber undir. Þeir benda á að mikilvægt sé að þjálfar starfsmenn í því hvernig bregðast eigi við í slíkum aðstæðum. «

jafnframt að skipuleggja húsnæði verslana þannig og nota þann búnað sem er til staðar til að draga úr líkum á að slíkar aðstæður komi upp.

Eðli starfseminnar og aðstæður í hverju tilviki kalla á mismunandi lausnir og búnað til að verjast ránum og afleiðingum þeirra. Sem dæmi um búnað og aðstæður sem hafa varnaðaráhrif má nefna fjölmörg atriði varðandi almennt skipulagi húsnæðisins, öryggisbúnað af ýmsum toga og verklag og framgöngu starfsmanna:

- Öryggismyndavélar séu vel sýnilegar og skjáir á áberandi stöðum sem sýna viðskiptavinum að myndavélar eru í gangi. Fram kom að almennt hafa öryggismyndavélar mestan fælingarmátt.
- Starfsmenn gefi glögglega til kynna að þeir eru að fylgjast með viðskiptavinum.
- Vörumóttaka og aðrir inngangar en aðalinngangurinn í verslunina séu lokaðir.
- Ekki séu meiri fjármunir í afgreiðslukössum en nauðsynlegt er og nota skal „Drop-box“ eða hliðstæðan búnað.
- Lýsing sé góð og fyrirkomulag innréttinga þannig að starfsmenn hafi góða yfirsýn yfir verslunina.
- Starfsmenn klæðist öryggisvesti.
- Gluggar verslunarinnar séu ekki huldir og útilýsing sé þannig að vel sjáist inn í verslunina utan frá.
- Starfsmenn séu með öryggishnapp og/eða hafi greiðan aðgang að síma.
- Merki öryggisfyrirtækis sé áberandi. Mönnun sé fullnægjandi. Það gildir um fjölda, aldur, reynslu og þroska starfsmanna.
- Verslunareigendur og starfsmenn taki sig saman um „nágrannavörslu“, til að fylgjast með og aðstoða hver annan.
- Hæðarmerkingar séu við inngang sem auðvelda að greina stærð brotamannsins.”

KROSSGÁTAN

	Fristund krossgátur (c)	LÍKA	HÆ-VERSKA	FLÓKTIR		TRÉ	BÓK-STAFINN	SK.ST. SKALDS	UMFRAM		ELÐUR	BRYNA FYRIR	GREINI-LEGUR	
	KLAFI					BLUNDA				NOKKRA MONT-GANGUR	1			
	VERA					GRUNN-LIFVERU EYÐA								
		ÞAKIÐ Á HÚSINU							ÁFENGID					
		ÁMÁLGA							FIM					
	STOPP							SEM Á AUÐVELT MEÐ LÆÐIR						
DRYKK-UR AF LAUFUM				FLÖNS-INS	2						KEMST			
				SJUK-ÐÓMUR							GRÓPA			
						VELTING-UR					SPOR			
						ÁRFRAM-BURÐUR					GERA LJÓST			
DÓTTIR KON-UNGS							GLATA					LIDUR Á LIKAMA	FUGLAR	
							GOS-DRYKK							
FREKJA						TIL ÚT-LANDA				GLENNA				
						LEIKHÚS-VERK				SÖNG-RÓDD				
BEIÐNI			HÁ-SKÓLA-GRÁÐA		EKKI HÆGUR				HÉRAÐ					
			BARDAGI		PRETTA				FOR-LIÐUR					
FJÓRÐA NÓTA Í C-DÚR	UPP-HRÓPUN			FLAS				DRAGUS-INS						
	HLÝT			FÓT-LEGGUR										
FRÁ		SKILA-BOÐ		VELTI				GINNA			SK.ST. SÖGU-PRÓFS			
				MÆLD Í METRUM				ENSK EINING			MÆLIR			
ORMUR Í SJÓ							RÖR				NIÐJA			
							ÆFINGU				SVIK			
	MULINN							MJÖG					3	
	GJAFAR							EFNI						
FISK-ANNA				4		MÁL-MUR				BÍTIR				
						ÞRÖUN-ARSTIG DÝRS				BÓK-STAFINN				
KYRRÐ		HALD			KOMA SKAPI VIÐ					BÓKSTAF		SPIL	EYÐIR	
		UNGVIÐI			DREIFA					EINN MILLJ-ARÐASTI				
	RUGGA		SKRÆLN-ADUR						HER-HLAUP					
	ÁKAFA		REYKUR						LEGGJA					
TUNGU-MÁL					TÍMA-SKEIDS						SYLLA			
					RYK Í SÓLSKINI						ROLLA			
HÁR-SKERA		5					ASI			HRÆ-GAMMUR				
HOLU							BÆTA VIÐ			ÖRVITA		6		



VERÐLAUN FYRIR RÉTTA LAUSN KR. 15.000

Lausnin á síðustu krossgátu er: „**Skrifari**“

Vinningshafi krossgátunnar úr síðasta blaði er **Ingibjörg Frostadóttir**. Ingibjörg er 39 ára og býr í Reykjavík. Hún hefur verið félagsmaður VR frá árinu 2006 og í dag vinnur hún í viðskiptabókhaldi á skrifstofu Te & kaffi. Ingibjörg á þrjú börn og eru þau hennar helstu áhugamál ásamt fjölskyldu, vinum og vinnunni. Ennig er heimabærinn Súðavík þar ofarlega á lista. Hún og móðir hennar hjálpast að við að leysa krossgátur. Ingibjörg hefur nokkrum sinnum sent inn lausnarorðið en þetta er í fyrsta skipti sem nafn hennar er dregið út. Við óskum Ingibjörgu innilega til hamingju!

Í lausn krossgátunnar hér að ofan er orð. Vinsamlegast látið kennitölu fylgja og skrifið „**krossgáta**“ utan á umslagíð.

Skilafrestur er til 10. janúar 2015. Utanáskriftin er: **VR-blaðið, Kringlunni 7, 103 Reykjavík.** Einnig er hægt að senda lausnina á krossgata@vr.is

VILTU FÁ OKKUR Í HEIMSÓKN?



Ólafía B. Rafnsdóttir, formaður VR, hefur heimsótt fjölda fyrirtækja á undanförunum mánuðum. Markmiðið með þeim heimsóknum er að spjalla við félagsmenn VR um áherslur þeirra og stöðu og heyra hugmyndir þeirra og viðhorf til þess sem félagið er að gera.



Hér til hliðar má sjá myndir frá heimsóknum Ólafíu í VÍS, TM, Eimskip, Norvik, KPMG, ISS Ísland, Advania, Johan Rönning og BYKO.



LANDSBYGGÐIN

Ólafía heimsótti einnig félagsmenn VR á Hvammstanga ásamt Elíasi Magnússyni forstöðumanni Kjaramálasviðs VR í október sl. Þar hittu þau meðal annars starfsmenn Forvals og Kaupfélagsins.



Á Austurlandi heimsóttu Ólafía og Kristín María Björnsdóttir formaður deilda VR á Austurlandi, BYKO, Krónuna, Eimskip, Lyfju, Eskju, Samkaup, Flugfélagið, Húsasmiðjuna, Nettó og Bónus.



Hafið samband við **Árdís Birgisdóttur**, ardis@vr.is, ef þið viljið fá okkur í heimsókn.

Við hlökkum til að heyra í ykkur.





Virðing, réttlæti og gleðilega hátíð!